

Geðrækt, forvarnir og
stuðningur við börn og
ungmenni í skólum á Íslandi
Niðurstöður landskönnunar

Október 2019



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

*Geðrækt, forvarnir og stuðningur
við börn og ungmenni í skólum á Íslandi:
Niðurstöður landskönnunar*

Höfundur:

Sigrún Daníelsdóttir
Svið lýðheilsu.
Embætti landlæknis.

Útgefandi:

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2,
105 Reykjavík
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2019

© 2019 Embætti landlæknis
Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án þess að geta heimildar.

1. Ágrip.....	1
2. Inngangur	2
3. Framkvæmd	3
4. Niðurstöður.....	3
4.1 Stefna og starfshættir	3
4.2 Umhverfi og aðstæður	4
4.3 Uppbygging þekkingar og færni meðal starfsfólks.....	6
4.4 Jafnrétti og þátttaka.....	8
4.5 Tengsl og umhyggja.....	9
4.6 Kennsla í félags- og tilfinningafærni	10
4.7 Hegðun og samskipti.....	11
4.8 Mat og stuðningur í skólastarfi	13
4.9 Samstarf við aðrar stofnanir.....	16
4.10 Samstarf við foreldra.....	17
4.11 Opin svör	18
5. Samantekt.....	20
5.1 Leikskólastig	21
5.2 Grunnskólastig	24
5.3 Framhaldsskólastig.....	27
6. Lokaorð	30
7. Heimildaskrá	31
8. Viðaukar	32

1. Ágrip

Í ársbyrjun 2019 lagði embætti landlæknis fyrir kannanir í leik-, grunn- og framhaldsskólum til að fá yfirlit yfir stöðu geðræktar, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólastarfi. Könnunin var liður í aðgerð B.2 í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til ársins 2020 þar sem markmiðið var að afla upplýsinga um hvernig stuðlað er að góðri geðheilsu og vellíðan barna og ungmenna í skólakerfinu hér á landi. Allir framhaldsskólar landsins og nær 70% leik- og grunnskóla svöruðu könnuninni sem náði yfir tíu áhersluþætti: 1) stefnu og starfshætti skólanna, 2) umhverfi og starfsaðstæður, 3) uppbyggingu þekkingar og færni meðal starfsfólks, 4) jafnrétti og þátttöku, 5) tengsl og umhyggju, 6) kennslu í félags- og tilfinningafærni, 7) hegðun og samskipti, 8) mat og stuðning, 9) samstarf við aðrar stofnanir og 10) samstarf við foreldra.

Niðurstöður sýndu að styrkja þarf formlegar stöðir og innviði skólakerfisins til að sinna geðrækt, forvörnum og stuðningi við börn og ungmenni. Mikilvægt er að bæta starfsaðstæður og skólaumhverfi í leik- og grunnskólum og vinna markvisst að uppbyggingu þekkingar og færni starfsfólks á öllum skólastigum til að styðja við þroska, líðan, hegðun og samskipti barna og ungmenna. Almenn kom sá þáttur sem sneri að tengslum við skóla og umhyggju fyrir börnum og ungmennum best út í könnuninni á öllum skólastigum en þó voru vísbendingar um að vinna þurfi betur með jákvæð skólatengsl á framhaldsskólastigi. Á öllum skólastigum mætti efla markvissa kennslu í félags- og tilfinningafærni, en sá þáttur kom almenn best út í leikskólum. Að sama skapi þarf að gæta þess að nálgun að hegðun barna og ungmenna í skólum sé í samræmi við bestu þekkingu. Þá sýndu niðurstöður að bæta þarf verulega skipulag, utanumhald og framkvæmd á stuðningi við börn og ungmenni í skólastarfi og efla hlutverk skólaþjónustu gagnvart skólum og starfsfólki þeirra. Að lokum er mikilvægt að gögn og árangursmælingar séu nýttar með markvissum hætti til að efla skóla í geðræktarhlutverki sínu auk þess sem nýta má betur styrkleika sem felast í farsælu samstarfi við foreldra, einkum í framhaldsskólum.

2. Inngangur

Í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til ársins 2020 er fjallað um mikilvægi þess að uppeldisskilyrði barna stuðli að vellíðan, góðri geðheilsu og félagsfærni. Meðal aðgerða sem snúa að þessum þætti í áætluninni er geðrækt í skólastarfi. Þar var lagt til að settur yrði á fót starfshópur til að gera tillögur um innleiðingu geðræktarstarfs í íslenskum skólum. Starfshópurinn tók til starfa árið 2018 og áttu þar sæti, auk fulltrúa embættis landlæknis, fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, Menntamálastofnunar, Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Einnig voru fulltrúar heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis hópnum til ráðgjafar (sjá viðauka A). Viðfangsefni starfshópsins var að fara yfir stöðu geðræktarstarfs í leik-, grunn- og framhaldsskólum hér á landi, þær aðferðir sem þar eru notaðar og hversu vel þær eru studdar rannsóknum.

Til undirbúnings voru fengnir samráðshópar til ráðgjafar á hverju skólastigi þar sem sátu kennarar, skólastjórnendur og fagfólk skólaláðunustu (sjá viðauka B). Hlutverk samráðshópanna var að veita innsýn og ráðgjöf um hvaða upplýsingum væri mikilvægt að safna til þess að fá yfirlit yfir geðræktarstarf í skólum og hvernig best væri að standa að slíkri upplýsingaöflun á ólíkum skólastigum. Reyndist sú þekking og reynsla sem fékkst með aðkomu þeirra fjölbreyttu aðila sem tóku þátt í samráðshópunum ómetanleg í þessari vinnu. Ákveðið var að líta skyldi til sem flestra þátta sem snerta geðheilsu og vellíðan barna og ungmenna í skólum og draga upp heildstæða mynd geðræktar, forvarna og stuðnings í skólastarfi. Einnig var ákveðið að safna sömu upplýsingum fyrir öll skólastig svo hægt væri að bera saman stöðu á ólíkum skólastigum enda litið svo á að jafna áherslu ætti að leggja á geðheilsu og vellíðan barna og ungmenna óháð því á hvaða skólastigi þau stunda nám.

Til að safna þessum upplýsingum var ákveðið að senda út rafræna könnun til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla. Ljóst er þó að skýra og djúpa innsýn í þessa þætti skólastarfs er ekki hægt að öðlast nema með heildstæðri úttekt og ytra mati en það var langt utan við starfssvið hópsins. Við undirbúning könnunarinnar og val á atriðum var horft til 1) stöðu þekkingar á geðrækt, forvörnum og stuðningi í skólum vegna hegðunar, líðanar og félagsfærni, 2) fyrirliggjandi gátlista embættis landlæknis um geðrækt í heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólum (sjá t.d. embætti landlæknis, 2013), 3) erlendra gátlista og gæðaviðmiða (sjá t.d. Center on the Social and Emotional Foundations for Early Learning, 2010; Education Scotland, 2013; 2018; Redding og Walberg, 2015; School Mental Health Assist, 2015; 2016; Wisconsin Department of Public Instruction, 2017), og 4) reynslu aðila í samráðshópunum sem starfa á vettvangi íslenska skólakerfisins.

Lokaútgáfa könnunarinnar samanstóð af 130 atriðum fyrir leikskóla, 113 atriðum fyrir grunnskóla og 116 atriðum fyrir framhaldsskóla. Ástæða þess að fleiri spurningar voru í könnun fyrir leik- og framhaldsskóla er sú að í þeim tilvikum var einnig spurt um námsefni til að efla félags- og tilfinningafærni en ekki í könnun fyrir grunnskóla þar sem áður hafði verið búið að safna þeim upplýsingum. Í könnun fyrir leikskóla var auk þess spurt um atriði sem einskorðast við leikskólastigið, eins og aðlögun og umönnun yngstu barnanna. Einnig var örlítt munur á orðalagi kannana fyrir ólík skólastig. Í könnun fyrir leikskóla var yfirleitt talað um leikskóla og börn, í könnun fyrir grunnskóla var talað um skóla og nemendur eða börn og ungmenni, og í framhaldsskólakönnun skóla og nemendur eða ungmenni. Að öðru leyti voru kannanirnar eins fyrir öll skólastig og féllu atriðin sem spurt var um undir tíu yfirflokkum: 1) Stefnu og starfshætti, 2) Umhverfi og aðstæður, 3) Uppbyggingu þekkingar og færni meðal starfsfólks, 4) Jafnrétti og

þátttöku, 5) Tengsl og umhyggju, 6) Kennslu í félags- og tilfinningafærni, 7) Hegðun og samskipti, 8) Mat og stuðning, 9) Samstarf við aðrar stofnanir og 10) Samstarf við foreldra.

3. Framkvæmd


Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu janúar til júní 2019 og hófst með boði um þátttöku sem sent var með tölvupósti til skólastjóra allra leik-, grunn- og framhaldsskóla landsins. Listar yfir nöfn skóla og netföng skólastjóra fengust frá Menntamálastofnun, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skólastjórar sem þáðu boðið voru beðnir um að mynda lítinn hóp starfsfólks innan skólans sem myndi svara könnuninni í sameiningu. Í honum skyldu sitja a.m.k. 2-3 kennarar, helst af ólíkum deildum eða skólastigum innan skólans, og a.m.k. 2-3 aðilar úr stoðþjónustu, s.s. námsráðgjafar, sérkennarar, þroskajálfar, skólasálfræðingar o.s.frv. Með þessu fyrirkomulagi var reynt að tryggja að svörin sem bærust frá hverjum skóla endurspegluðu vel dagleg störf, venjur og menningu innan skólans. Í fámennari skólum reyndist ekki alltaf unnt að koma saman svo stórum hópi og tóku þá færri þátt í svörum í þeim tilvikum. Þar sem könnunin var viðamikil var óskað eftir því að skólastjórnendur veittu starfsfólki tíma og svigrúm til þess að svara en það tók að jafnaði 90-120 mínútur. Ennfremur var óskað eftir því að stjórnendur kæmu ekki sjálfir að svörum þar sem nokkur atriði í könnuninni fjölluðu um skólastjórnendur og ekki þótti við hæfi að setja starfsfólk í þá stöðu að svara spurningum um yfirmenn sína í þeirra viðurvist auk þess sem niðurstöður yrðu þá ómarktækar. Könnunin var nafnlaus og ekki unnt að rekja svörin til einstakra skóla.

4. Niðurstöður

Alls bárust svör frá 161 leikskóla (68%), 118 grunnskólum (69%) og öllum 30 framhaldsskólum landsins. Ekki svöruðu þó allir skólar öllum spurningum en ákveðið var að útiloka ekki þá sem slepptu einhverjum spurningum við úrvinnslu gagna. Spurningarnar voru í flestum tilfellum settar fram sem staðhæfingar þar sem þátttakendur merktu við eftirfarandi svarmöguleika: 1) að öllu leyti rétt, 2) að mestu leyti rétt, 3) að nokkru leyti rétt, 4) að litlu leyti rétt eða 5) að engu leyti rétt. Við úrvinnslu voru svör þeirra sem merktu við svarmöguleikana „að mestu leyti rétt“ og „að öllu leyti rétt“ tekin saman í eitt jákvætt svar og svör þeirra sem merktu við „að litlu leyti rétt“ og „að engu leyti rétt“ sameinuð í eitt neikvætt svar. Svörum þeirra sem merktu við „að nokkru leyti rétt“ var sleppt við úrvinnslu þar sem hvorki var hægt að flokka þau sem játnun eða neitun. Af þessum sökum nær samanlagt hlutfall „já“ og „nei“ svara við hverri staðhæfingu yfirleitt ekki 100%.

4.1 Stefna og starfshættir

Í fyrsta hluta könnunarinnar var spurt um stefnu skólans, verklag og hlutverk stjórnenda í tengslum við geðræktarstarf. Almennt voru niðurstöður á þá leið að stjórnendur flestra skóla þóttu standa sig vel í hlutverki sínu við að leiða viðhorf og starfshætti innan skólans sem styðja við jákvæðan skólabrag og vellíðan (sjá mynd 1). Stjórnendur í leikskólum voru metnir hæstir á þessum þáttum, þá stjórnendur í grunnskólum og að lokum stjórnendur í framhaldsskólum. Eins þóttu stjórnendur standa sig vel í því að stuðla að samheldni og samvinnu meðal starfsfólks við að efla velferð og vellíðan nemenda og tryggja stöðugleika í umhverfi þeirra, m.a. með því að vinna að aukinni starfsánægju starfsfólks og stýra starfsmannaskiptum þannig að þau hefðu sem minnst áhrif á börn og ungmenni í skólanum.



Mynd 1: Hlutfall skóla sem svara staðhæfingum um stefnu og starfshætti játandi¹


Alla jafna virðist aftur á móti skorta töluvert á skipulega umgjörð um geðræktarstarf, forvarnir og snemmtæk úrræði á öllum skólastigum. Rétt um og undir helmingur grunn- og framhaldsskóla og þriðjungur leikskóla hafði mótað sér heildarsýn og stefnu á þessu sviði og í minna en helmingi leik- og grunnskóla og fjórðungi framhaldsskóla var geðræktarstarf innleitt eftir skilgreindu ferli eða áætlun. Í minnihluta skólanna reyndust einnig innviðir vera til staðar (s.s. verkferlar, teymi, þjálfun og stuðningur) til að styðja við farsæla innleiðingu geðræktarstarfs. Þá var afar sjaldgæft að skólar mætu það með einhverjum hætti hvort starfsfólk fylgdi þeim aðferðum sem ákveðið væri að nota í skólanum til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna, en það er lykiltríði til að kanna hvort þær aðferðir og nálgun sem skólinn vill að einkenni starfsemi sína skili sér í daglegum störfum.

4.2 Umhverfi og aðstæður

Í öðrum hluta könnunarinnar var spurt um umhverfi og aðstæður í skólunum, svo sem hvort rými skólans henti til starfsins, hvort hægt sé að takmarka áreiti í umhverfi, hvernig loftgæðum og hljóðvist er háttáð og hvort mannekla og starfsmannavelta séu vandamál í skólanum (sjá mynd 2). Hér voru niðurstöður nokkuð afgerandi á þá leið að umhverfi leik- og grunnskóla þótti mjög ábótavant að mati svarenda og stóðu grunnskólar alla jafna verst. Framhaldsskólar stóðu mun betur að vígi, til dæmis töldu svarendur tæplega þriggja af hverjum fjórum framhaldsskólum rými skólans henta vel til starfsins en minna en helmingur leik- og grunnskóla. Þau rými sem þörfuðust helst úrbóta í leikskólum voru leikrými, kennslurými, fatahengi, sérkennslurými og

¹ Staðhæfingar voru: 1) Í skólanum hefur verið mótuð heildarsýn og stefna um geðrækt, forvarnir og snemmtækan stuðning við nemendur, 2) Í skólanum er geðræktarstarf, þ.m.t. hegðunarstefna, innleitt eftir skilgreindu verkferli og innleiðingaráætlun, 3) Í skólanum eru innviðir (s.s. verkferlar, teymi, þjálfun og stuðningur) sem styðja við farsæla innleiðingu geðræktarstarfs, þ.m.t. hegðunarstefnu), 4) Skólinn metur reglulega fylgni starfsfólks við þær aðferðir sem ákveðið hefur verið að nota til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna, 5) Stjórnendur skólans líta á það sem eitt helsta hlutverk sitt að efla viðhorf og starfshætti innan skólans sem stuðla að jákvæðum skólabrag og vellíðan nemenda og starfsfólks, 6) Skólastjórnendur stuðla að samheldni og samvinna meðal starfsfólks um að styðja sem best við velferð og vellíðan allra nemenda, 7) Skólastjórnendur leggja sig fram um að tryggja stöðugleika í umhverfi nemenda, m.a. með því að vinna að því að efla starfsánægju meðal starfsfólks og stýra starfsmannaskiptum þannig að þau hafi sem minnst áhrif á nemendur.

vinnuaðstaða kennara en í grunn- og framhaldsskólum voru það kennslurými, matsalur og fatahengi.



Mynd 2: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um umhverfi og aðstæður játandi²

Í flestum leikskólum töldu svarendur of mörg börn saman í hóp og það sama mátti segja um helming grunnskóla og rúman þriðjung framhaldsskóla. Í grunnskólum átti þetta yfirleitt við um alla aldurshópa en í leikskólum voru það helst hópar barna á aldrinum 3-5 ára sem taldir voru of fjölmennir. Hópar yngri barna voru síður metnir of fjölmennir. Þó töldu svarendur í 66 leikskólum að of mörg börn á aldrinum 1-2ja ára væru saman í hóp og í 10 leikskólum, eða helmingi þeirra leikskóla sem voru með börn undir 12 mánaða aldri, þóttu of mörg börn saman í hópi 0-11 mánaða gamla barna. Í öllum tilfellum mátu svarendur það svo að of mörg börn í hóp hamlaði gæðum starfsins í skólanum.

Kennslurými þóttu rúmgóð í tæplega tveimur af hverjum þremur framhaldsskólum en minna en helmingi leik- og grunnskóla. Í flestum framhaldsskólum reyndist unnt að takmarka áreiti í umhverfi nemenda en það sama átti við um minna en helming leikskóla og þriðjung grunnskóla. Í um 60% leikskóla og framhaldsskóla reyndist unnt að skipta börnum og ungmennum í smærri hópa eftir þörfum en aðeins í rúmum fjórðungi grunnskóla. Loftgæði voru metin slök á öllum skólastigum og aðeins svarendur á framhaldsskólastigi mátu hljóðvist góða. Sérstaklega var staðan slæm á grunnskólastiginu þar sem svarendur í minna en fjórðungi skóla mat hljóðvist góða. Engir svarendur í framhaldsskólum töldu manneklu eða starfsmannaveltu vandamál í skólanum en helmingur svarenda í leikskólum og tæp 40% svarenda í grunnskólum töldu svo vera. Í helmingi leikskóla og fimmtungi grunnskóla var starfsmannavelta sömuleiðis talin vera frekar eða mjög mikið vandamál og nær allir töldu það hamla gæðum í skólanum.

² Staðhæfingar voru: 1) Rými skólans henta vel til starfsins sem fram fer í skólanum, 2) Aðstæður í skólanum eru með þeim hætti að unnt er að takmarka áreiti í umhverfi nemenda, 3) Húsnæði skólans býður upp á möguleika til að skipta nemendum í smærri hópa ef þörf krefur, 4) Kennslurými skólans eru rúmgóð, 5) Í skólanum eru loftgæði í lagi, 6) Í skólanum er góð hljóðvist, 7) Að ykkar mati, eru of margir nemendur saman í hóp eða bekk í skólanum?, 8) Hversu mikið eða lítið vandamál er starfsmannavelta í skólanum að ykkar mati?, 9) Hversu mikið eða lítið vandamál er mannekla í skólanum?

Þess ber að geta að nokkurn mun mátti sjá milli skóla innan og utan höfuðborgarsvæðisins þegar kom að aðstæðum og umhverfi, einkum á grunnskólastigi. Til dæmis reyndist unnt að takmarka áreiti í umhverfi nemenda í tæplega 40% grunnskóla utan höfuðborgarsvæðis en aðeins í 24% skóla innan höfuðborgarsvæðis. Í 40% grunnskóla utan höfuðborgarsvæðis reyndist unnt að skipta nemendum í smærri hópa á móti undir fimmtungi skóla innan höfuðborgarsvæðisins. Loftgæði töldust í lagi í tæplega 40% grunnskóla utan höfuðborgarsvæðis en aðeins í tæplega 15% skóla innan höfuðborgarsvæðis og bekkir eða hópar þóttu of fjölmennir í 70% grunnskóla innan höfuðborgarsvæðis en aðeins 30% skóla utan höfuðborgarsvæðisins. Þá þóttu starfsmannavelta, og sérstaklega mannekla, meira vandamál í skólum innan en utan höfuðborgarsvæðis (48% á móti 28%). Svipaðan mun á aðstæðum og umhverfi mátti einnig sjá eftir stærð skóla, þar sem aðstæður voru yfirleitt betri í fámennari skólum, sem eru algengari utan en innan höfuðborgarsvæðisins.

Í þessum hluta könnunarinnar fyrir leikskóla var einnig spurt hvort tækifæri gæfust til einstaklingsmiðaðra samskipta við yngstu börnin. Nítján leikskólar, eða 12% leikskóla, í könnuninni voru með börn undir 12 mánaða aldri (sjá töflu 1) og í flestum tilfellum (74%) var talið að hægt væri að veita hverju barni á þessum aldri einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn (sjá töflu 2). Þó ber að hafa í huga að mjög fáir leikskólar eru að baki þessum tölum. Algengast var að tækifæri til einstaklingsmiðaðra samskipta gæfust á skiptiborðinu, í fatahengi og á matmálistímum. Þrír af hverjum fjórum leikskólum voru með börn á aldrinum 12-18 mánaða í skólanum en af þeim töldu svarendur 65% skóla unnt að veita hverju barni á þessum aldri einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn. Er það áhyggjuefni að í einum af hverjum fimm leikskólum þótti þetta ekki hægt nema að litlu leyti. Nær allir leikskólar í könnuninni höfðu börn á aldrinum 19-24 mánaða í skólanum og svöruðu 66% skóla því til að unnt væri að veita þeim einstaklingsmiðaða athygli. Áfram voru þær aðstæður sem helst gáfu tækifæri til slíkra samskipta á skiptiborðinu, í fatahengi og á matmálistímum.

Tafla 1: Fjöldi leikskóla og hlutfall af heildarfjölda sem hafði börn undir 2ja ára í skólanum

	Já	Nei
Eru börn á aldrinum 0-11 mánaða í skólanum ykkar?	19 (12%)	141 (88%)
Eru börn á aldrinum 12-18 mánaða í leikskólanum?	118 (74%)	42 (26%)
Eru börn á aldrinum 19-24 mánaða í leikskólanum?	151 (96%)	7 (4%)


Tafla 2: Hlutfall leikskóla þar sem tekst að veita börnum einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn

	Að mestu eða öllu leyti rétt	Að litlu eða engu leyti rétt
Í leikskólanum gefst tækifæri til að gefa hverju barni á aldrinum 0-11 mánaða einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn	74%	11%
Í leikskólanum gefst tækifæri til að gefa hverju barni á aldrinum 12-18 mánaða einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn	65%	20%
Í leikskólanum gefst tækifæri til að gefa hverju barni á aldrinum 19-24 mánaða einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn	66%	18%

4.3 Uppbygging þekkingar og færni meðal starfsfólks

Í þriðja hluta könnunarinnar var spurt um þekkingu og færni starfsfólks við að styðja við jákvæða hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna og með hvaða hætti unnið er að uppbyggingu slíkrar þekkingar innan skólans (sjá mynd 3). Í flestum skólum á öllum skólastigum töldu svarendur starfsfólk búa yfir nægri þekkingu og færni á þessu sviði en þó voru færri sem svöruðu

Þessu játandi í leik- og grunnskólum en í framhaldsskólum. Til dæmis töldu svarendur í 65% leikskóla og 76% grunnskóla starfsfólk búa yfir nægri færni til að styðja við jákvæða hegðun barna en 90% í framhaldsskóla. Þetta ætti þó að skoða í ljósi þess að börn á fyrri skólastigum eru skemur á veg komin í þroska og færni á sviði tilfinningastjórnar, hegðunar og samskipta og því áskoranir á þeim skólastigum gjarnan meiri.



Mynd 3: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um uppbyggingu þekkingar og færni meðal starfsfólks játandi³


Alls staðar var rík áhersla lögð á að kennarar og starfsfólk sýndi þá hegðunar-, félags- og tilfinningafærni sem ætlast var til af börnum og ungmennum í skólanum og í flestum tilfellum fékk starfsfólk reglulega fræðslu um þroska, hegðun, félagstengsl, líðan og velferð barna og ungmenna. Hins vegar skorti talsvert á að áhersla væri lögð á markvissa uppbyggingu þekkingar og færni á þessum sviðum í starfsþróunaráætlunum skólanna. Algengast var að slíkar áherslur væri að finna í starfsþróunaráætlunum leikskóla en aðeins í helmingi grunnskóla og rúmum fjórðungi framhaldsskóla reyndist svo vera. Á öllum skólastigum var sjaldgæft að starfsfólk fengi reglulega þjálfun í að beita gagnreyndum aðferðum á sviði hegðunar eða hóp- og bekkjastjórnunar. Sérstaklega var þetta áberandi í framhaldsskólum, sem mögulega endurspeglar að minni þörf sé talin fyrir slíka þjálfun þar sem erfiðleikar á sviði hegðunar séu minna íþyngjandi á því skólastigi.

³ Staðhæfingar voru: 1) Í starfsþróunaráætlun skólans er áhersla á að byggja upp þekkingu og skilning meðal starfsfólks á þroska og geðheilsu barna og ungmenna og færni í því að efla jákvæða hegðun, líðan og samskipti þeirra, 2) Í skólanum er lögð mikil áhersla á að kennarar og starfsfólk sýni þá hegðunar-, félags- og tilfinningafærni sem ætlast er til af nemendum, 3) Í skólanum er reglulega boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk um atriði á borð við þroska barna og ungmenna, námserfiðleika, hegðun, líðan, félagstengsl, einelti, áföll, ofbeldi og vanrækslu, 4) Starfsfólk skólans býr yfir nægilegri færni og þekkingu til að styðja við jákvæða hegðun barna og ungmenna, 5) Starfsfólk skólans býr yfir nægilegri færni og þekkingu til að styðja við góða líðan barna og ungmenna, 6) Starfsfólk skólans býr yfir nægilegri færni og þekkingu til að styðja við jákvæð samskipti barna og ungmenna, 7) Starfsfólk skólans fær reglulega þjálfun í að beita jákvæðum og gagnreyndum aðferðum við að efla æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun, 8) Starfsfólk fær reglulega þjálfun í að beita gagnreyndum aðferðum við hópstjórnun eða bekkjastjórnun.

4.4 Jafnrétti og þátttaka

Fjórði hluti könnunarinnar sneri að grundvallaratriði íslenskrar menntastefnu, jafnrétti og virkri þátttöku barna og ungmenna í skólastarfi. Spurt var um atriði sem snúa m.a. að jafnréttiskennslu, hvernig komið er til móts við einstaklingsbundnar þarfir í skólastarfinu, möguleikum barna og ungmenna til að hafa áhrif á nám sitt, aðgengi fatlaðra og hvernig fjölbreytileiki endurspeglast í starfinu (sjá mynd 4).

Á öllum skólastigum töldu svarendur mikla áherslu lagða á að taka tillit til persónuleika, aðstæðna og þarfa hvers og eins, og flestir, eða svarendur í 84% leikskóla, 73% grunnskóla og 67% framhaldsskóla, sögðu kennara nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til efla áhuga og virkja þátttöku allra barna og ungmenna. Nokkuð færri svarendur í grunn- og framhaldsskólum (63%) töldu þó að allir nemendur fengju verkefni og kennslu sem hæfði getu þeirra. Í 65% leikskóla, 43% framhaldsskóla og 37% grunnskóla fengu börn og ungmenni að velja sér viðfangsefni, námsaðferðir og námsaðstæður eins og kostur er miðað við aldur og þroska. Í rúmum helmingi leikskóla, tæplega tveimur þriðju grunnskóla og 70% framhaldsskóla sögðu svarendur að leitast væri við að virkja lýðræði og virka þátttöku allra barna og ungmenna við skipulag og uppbyggingu skólastarfsins í samræmi við aldur og þroska.



Mynd 4: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um jafnrétti og þátttöku játandi⁴


Í meirihluta skólanna sögðu svarendur öll börn og ungmenni fá kennslu sem miðaði að því að efla jafnrétti og virðingu fyrir fjölbreytileika. Hlutfallið var þó lægra í framhaldsskólum en í leik- og grunnskólum. Flestir svarendur í leik- og grunnskólum, en aðeins í helmingi framhaldsskóla, töldu einnig að fjölbreytileiki nemendahópsins væri vel sýnilegur í þátttöku og viðfangsefnum á viðburðum á vegum skólans. Alvarlegasta niðurstaða þessa hluta könnunarinnar sneri hins vegar

⁴ Staðhæfingar voru: 1) Fjölbreytileiki nemendahópsins endurspeglast vel í þátttöku og viðfangsefnum á skemmtunum og viðburðum á vegum skólans, 2) Tryggt er að aðgengi fatlaðra sé gott úti sem inni í skólanum, 3) Í skólanum er lögð mikil áhersla á að taka tillit til persónuleika, aðstæðna og þarfa hvers nemanda, 4) Í skólanum fá allir verkefni og kennslu sem hæfir getu þeirra, 5) Í skólanum fá nemendur að velja sér viðfangsefni, námsaðferðir og námsaðstæður eins og kostur er miðað við aldur og þroska, 6) Kennarar nota fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að efla áhuga og virka þátttöku allra nemenda, 7) Í skólanum er leitast við að virkja lýðræði og virka þátttöku allra nemenda við skipulag og uppbyggingu skólastarfsins í samræmi við aldur og þroska, 8) Í skólanum fá allir kennslu sem miðar að því að efla jafnrétti og auka virðingu fyrir fjölbreytileika m.t.t. kyns, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, holdafars, líkamlegs og andlegs atgervis o.s.frv.

að aðgengi fatlaðra í leik- og grunnskólum en svarendur í minna en helmingi skóla á þessum skólastigum töldu tryggt að aðgengi fatlaðra væri gott úti sem inni í skólanum á móti tæplega 80% framhaldsskóla.

4.5 Tengsl og umhyggja

Í fimmta hluta könnunarinnar var horft til atriða sem tengjast jákvæðum skólatengslum og umhyggju fyrir börnum og unglingum í skólastarfi. Almennt var þetta sá þáttur sem kom best út í könnuninni (sjá mynd 5) en á öllum skólastigum var mikil áhersla lögð á vinalagt viðmót starfsfólks, að mynda jákvætt samband við sérhvert barn eða ungmenni, sýna tilfinningum þeirra samkennd og skilning, hlusta á þau og taka mark á sjónarmiðum þeirra. Svarendur í nánast öllum skólum á öllum skólastigum sögðu kennara leggja sig fram um að skapa jákvæðan anda í bekk eða hóp þar sem öll börn og ungmenni upplifðu sig velkomin og yfirleitt var lítill munur á skólastigum hvað þessi atriði varðar. Í öllum tilfellum var þeim svarað játandi í 80% skóla og yfir.



Mynd 5: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um tengsl og umhyggju játandi⁵


Meiri munur á skólastigum kom fram þegar spurt var hvort þess væri gætt að sérhvert barn eða ungmenni myndaði tengsl við a.m.k. einn starfsmann sem það treysti og gæti snúið sér til ef eitthvað kæmi upp á. Þetta er lykilatriði þegar kemur að tengslum barna og ungmenna við skólann sinn en mun færri svarendur í framhaldsskólum (67%) svöruðu þessu játandi en í leik- og grunnskólum (80-85%). Einnig reyndust mun færri framhaldsskólar en leik- og grunnskólar vinna markvisst að því að efla félagstengsl barna og ungmenna í skólanum, t.d. með ýmiskonar hópastarfi í samvinnu við foreldra, frístundaheimili, nemendafélög o.s.frv. Þá kom fram nokkur munur eftir skólastigum þegar spurt var hvort þess væri gætt við móttöku nýrra nemenda að mikilvægar upplýsingar varðandi velferð þeirra kæmust til skila til starfsfólks sem tengdist þeim

⁵ Staðhæfingar voru: 1) Allt starfsfólk leggur sig fram um að mynda jákvætt samband við sérhvern nemanda, 2) Viðmót starfsfólks við nemendur í skólanum er rólegt og vinalagt, 3) Í skólanum er hlustað á börn og ungmenni og tekið mark á sjónarmiðum þeirra, 4) Allir kennarar leggja sig fram um að skapa jákvæðan anda í hóp eða bekk þar sem allir nemendur upplifa sig velkomna, 5) Allt starfsfólk sýnir tilfinningum og líðan barna og ungmenna samkennd og skilning, 6) Í skólanum er gætt að því að sérhver nemandi myndi persónuleg tengsl við að minnsta kosti einn starfsmann sem hann treystir og getur snúið sér til ef eitthvað kemur upp á, 7) Við móttöku nýrra nemenda er þess gætt að mikilvægar upplýsingar er varða velferð þeirra komist til skila til þeirra sem tengjast nemandanum í daglegu starfi, 8) Í skólanum er unnið að því að efla félagstengsl og vinna gegn einsemd meðal barna og ungmenna, t.d. með ýmiskonar hópastarfi í samvinnu við foreldra, námsráðgjafa, frístund, félagsmiðstöð, þjónustumiðstöð eða nemendafélög eftir því sem við á.

í daglegu starfi. Svarendur í um og yfir 90% leikskóla og framhaldsskóla svöruðu þessu játandi en aðeins 69% grunnskóla.

4.6 Kennsla í félags- og tilfinningafærni

Sjötti hluti könnunarinnar sneri að kennslu í félags- og tilfinningafærni og mátti þar sjá mikinn mun eftir skólastigum (sjá mynd 6). Staðan var alla jafna best í leikskólum en lökust í framhaldsskólum en þó er ljóst að verulega þarf að styrkja grundvöll þessarar kennslu á öllum skólastigum ef takast á að byggja upp öflugna færni barna og ungmenna á þessu sviði í skólakerfinu.



Mynd 6: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um kennslu í félags- og tilfinningafærni játandi⁶

Rúmur helmingur leikskóla reyndist vinna eftir heildstæðri áætlun um kennslu hegðunar-, félags- og tilfinningafærni fyrir alla aldurshópa og hafði markmið fyrir slíka kennslu tilgreind í skólanámsskrá. Það sama mátti segja um rúm 40% grunnskóla en tæpur þriðjungur hafði tilgreint markmið í skólanámsskrá. Í framhaldsskólum var hlutfallið aðeins um einn af hverjum fjórum en meirihluti skólanna (55-60%) sagði þetta að litlu eða engu leyti til staðar (sjá töflu 3).

Þegar spurt var nánar hvaða þættir félags- og tilfinningafærni væru kenndir í skólunum var algengast að lögð væri áhersla á að efla bjargráð eða sjálfshjálp barna og ungmenna, hjálpa þeim að finna og nýta styrkleika sína og þjálfna færni þeirra til að tjá skoðanir sínar. Mun sjaldgæfara, að

⁶ Staðhæfingar voru: 1) Í skólanum er unnið eftir heildstæðri áætlun um kennslu hegðunar-, félags- og tilfinningafærni meðal allra aldurshópa, 2) Markmið fyrir kennslu í hegðunar-, félags- og tilfinningafærni eru tilgreind í skólanámsskrá fyrir alla aldurshópa, 3) Allir nemendur fá markvissa kennslu í að þekkja og skilja eigin tilfinningar og hvernig sé gott að bregðast við eigin tilfinningum og annarra, 4) Allir nemendur fá markvissa kennslu í að finna og æfa jákvæðar lausnir við vanda og ágreiningi, 5) Í skólanum fá nemendur aðstoð við að leysa vandamál á þann hátt að bjargráð þeirra (sjálfshjálp) eru smám saman virkjuð, þjálfuð og styrkt, 6) Nemendum er kennt um jákvæð samskipti, vináttafærni og lausnir við ágreiningi með reglulegum og aldursvarandi æfingum, 7) Markvisst er unnið að því að hjálpa nemendum að finna og nota eigin styrkleika, 8) Í skólanum er unnið markvisst að því að efla jákvæða líkamsmynd barna og ungmenna og virðingu fyrir fjölbreytileika holdafars, 9) Nemendur fá reglulega þjálfun í aðferðum sem miða að því að efla vellíðan og draga úr streitu, t.d. núvitund, slökun eða jóga, 10) Allir nemendur fá reglulega þjálfun í að koma fram, tala fyrir framan aðra og tjá skoðanir sínar.


leikskólum undanskildum, var að börnum og ungmennum væri kennt að þekkja og skilja eigin tilfinningar og annarra, finna farsælar lausnir við vanda og erfiðleikum, efla félags- og vináttufærni, styrkja líkamsmynd og þjálfva aðferðir sem draga úr streitu og auka vellíðan, svo sem slökun eða núvitund.

Tafla 3: Hlutfall skóla sem vinnur eftir heildstæðri áætlun um kennslu hegðunar-, félags- og tilfinningafærni og hefur tilgreint markmið í skólanámsskrá

	Leikskólar		Grunnskólar		Framhaldsskólar	
	Að mestu eða öllu leyti rétt	Að litlu eða engu leyti rétt	Að mestu eða öllu leyti rétt	Að litlu eða engu leyti rétt	Að mestu eða öllu leyti rétt	Að litlu eða engu leyti rétt
Í skólanum er unnið eftir heildstæðri áætlun um kennslu hegðunar-, félags- og tilfinningafærni meðal allra aldurshópa	55%	21%	42%	28%	23%	60%
Markmið fyrir kennslu í hegðunar-, félags- og tilfinningafærni eru tilgreind í skólanámsskrá fyrir alla aldurshópa	59%	20%	31%	41%	28%	55%

4.7 Hegðun og samskipti

Í sjöunda hluta könnunarinnar var spurt um nálgun skólanna að hegðun barna og ungmenna, svo sem skólareglur, vinnubrögð starfsfólks og hvernig brugðist væri við æskilegri og óæskilegri hegðun. Flestir skólar á öllum skólastigum reyndust hafa fáar og skýrar reglur en mun sjaldgæfara var að þær væru sýnilegar í einföldu máli og myndum innan skólans eða unnar í samvinnu við börn og foreldra eftir því sem við átti (sjá mynd 7).




Mynd 7: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um hegðun og samskipti játandi⁷

⁷ Staðhæfingar voru: 1) Reglur sem gilda í skólanum eru fáar og skýrar, 2) Reglur sem gilda í skólanum eru sýnilegar í einföldu máli og myndum, 3) Reglur sem gilda í skólanum eru unnar í samvinnu við nemendur og foreldra eftir því sem við á, 4) Reglur og fyrirmæli tilgreina það sem á að gera frekar en það sem á ekki að gera, 5) Jákvæðri hegðun nemenda er veitt markviss athygli, 6) Vægri neikvæðri eða trúfandi hegðun er ekki veitt athygli, 7) Hrós og hvatning er notað kerfisbundið í öllu starfi skólans.

Í flestum leik- og grunnskólum voru reglur orðaðar þannig að þær tilgreindu hvaða hegðun ætti að viðhafa innan skólans (ekki hvaða hegðun ætti *ekki* að sýna) en það sama mátti segja um rúmlega 40% framhaldsskóla.

Í flestum skólum á öllum skólastigum, þó sýnu færri grunnskólum, töldu svarendur að jákvæðri hegðun barna og ungmenna væri veitt markviss athygli í skólastarfinu. Mun færri sögðu vægri neikvæðri eða truflandi hegðun *ekki* veitt athygli, en hvort tveggja er lykilatriði til að efla jákvæða hegðun. Í miklum meirihluta leikskóla voru hrós og hvatning nýtt kerfisbundið í starfi skólans en það sama gilti um aðeins tvo af hverjum þremur grunnskólum og rúman helming framhaldsskóla.




Mynd 8: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um hegðun og samskipti játandi⁸

Í langflestum skólum á öllum skólastigum töldu svarendur áherslu lagða á lausnamiðaða og uppbyggilega nálgun að hegðun barna og ungmenna og að þau fengju stuðning til að tileinka sér þá hegðun sem væri ætlast til af þeim í skólanum (sjá mynd 8). Færri sögðu þó unnið með aðstæður og umhverfi til að fyrirbyggja óæskilega hegðun og samræmd vinnubrögð starfsfólks í tengslum við hegðun nemenda voru aðeins til staðar í aðeins helmingi grunn- og framhaldsskóla og 60% leikskóla. Flestir töldu að litið væri á óæskilega hegðun sem kennslutækifæri til að kenna betri hegðun eða samskipti með jákvæðum stuðningi og sögðu skammir og refsingar ekki notaðar til að hafa áhrif á hegðun barna og ungmenna í skólanum. Það síðarnefnda átti þó við um færri leik- og grunnskóla en framhaldsskóla. Í stærstum hluta skólanna var unnið eftir áætlun til að fyrirbyggja og bregðast við neikvæðum samskiptum, stríðni, einelti og öfbeldi en hlutfallið var þó lægst í leikskólum.

⁸ Staðhæfingar voru: 1) Í skólanum er unnið með aðstæður og umhverfi til að fyrirbyggja óæskilega hegðun, 2) Lögð er áhersla á lausnamiðaða, uppbyggilega nálgun þegar kemur að hegðun nemenda, 3) Skammir og refsingar eru ekki notaðar til að hafa áhrif á hegðun barna í skólanum, 4) Í skólanum eru samræmd vinnubrögð í tengslum við hegðun nemenda sem allt starfsfólk fer eftir, 5) Nemendur fá stuðning til þess að tileinka sér og iðka þá hegðun sem talin er æskileg í skólanum, 6) Í skólanum er litið á óæskileg samskipti eða hegðun sem tækifæri til að kenna betri samskipti eða hegðun með jákvæðum stuðningi, 7) Í skólanum er unnið eftir áætlun til að fyrirbyggja og bregðast á uppbyggilegan hátt við neikvæðum samskiptum, útilokun, stríðni, einelti og öfbeldi.

4.8 Mat og stuðningur í skólastarfi

Áttundi hluti könnunarinnar var viðamikill og sneri að mati á skólabrag og líðan barna og ungmenna í skólanum, markvissri nýtingu gagna og árangursmælinga í starfinu, og stuðningsúrræðum vegna erfiðleika á sviði hegðunar, líðanar og félagsfærni. Niðurstöður sýndu að í nær öllum grunnskólum og 70% framhaldsskóla eru lagðar fyrir árlegar nemendakannanir til að meta líðan, félagstengsl og skólabrag (sjá mynd 9). Þessari spurningu var sleppt í könnun fyrir leikskóla. Í rúmlega tveimur af hverjum þremur grunnskólum, rúmum helmingi leikskóla en aðeins um fjórðungi framhaldsskóla eru einnig lagðar fyrir foreldrakannanir til að meta líðan, félagslega stöðu og gengi barna þeirra í skólanum.




Mynd 9: Hlutfall skóla sem svarar ofangreindum atriðum um mat og stuðning játandi⁹

Mikill munur var á skólastigum þegar spurt var hvort framkvæmdar væru tengslakannanir innan skólans og brugðist við merkjum um útilokun eða félagslega einangrun meðal barna og ungmenna. Aðeins grunnskólar virðast nýta þetta verkfæri að einhverju ráði, en svarendur tæplega þriggja af hverjum fjórum grunnskólum svöruðu þessu játandi á móti rúmum fjórðungi leikskóla og einungis 13% framhaldsskóla. Svarendur um 60% leik- og grunnskóla og 40% framhaldsskóla sögðu gögn og árangursmælingar nýttar með markvissum hætti í skólanum til að efla geðræktarstarf, skólabrag og stuðning við nemendur. Ívið færri, eða um helmingur leik- og grunnskóla og rúmum þriðjungur framhaldsskóla, sögðu reglulega greiningu fara fram á því innan skólans hvort og hvaða stuðning skorti til að þörfum allra barna og ungmenna væri mætt.

Í langflestum skólum á öllum skólastigum voru börn og ungmenni hvött til að láta vita af vanlíðan og erfiðleikum og flestir töldu tryggt að þau vissu hvert þau gætu leitað eftir stuðningi og aðstoð innan skólans (sjá mynd 10). Um 80% svarenda í leikskólum og framhaldsskólum sögðu snemmtæk og sívirk úrræði til staðar í skólanum til að mæta þörfum barna og ungmenna sem þurfa aðstoð vegna hegðunar, tilfinninga- eða félagsfærni en það sama átti við um aðeins 60% grunnskóla. Helmingur leikskóla, rúmum fjórðungur grunnskóla en enginn framhaldsskóli reyndist

⁹ Staðhæfingar voru: 1) Að minnsta kosti einu sinni á ári eru lagðar fyrir kannanir á vegum skólans til að meta líðan barna, félagstengsl og skólabrag, 2) Árlega er lögð fyrir foreldrakönnun til að meta líðan, félagslega stöðu og gengi barna/ungmenna í skólanum, aðbúnað, samskipti við starfsfólk o.s.frv., 3) Í skólanum er framkvæmd tengslakönnun meðal nemenda og brugðist við með stuðningi og úrræðum ef merki eru um útilokun eða félagslega einangrun, 4) Skólinn nýtir gögn og árangursmælingar með markvissum hætti til að efla geðræktarstarf, skólabrag og stuðning við nemendur, 5) Innan skólans fer reglulega fram greining á því hvort og hvaða stuðning skorti í skólanum til að þörfum allra nemenda sé mætt og þeim líði vel.

framkvæma virknimat af óháðum aðila þegar ítrekuð merki koma fram um óæskileg samskipti eða hegðunarvanda hjá barni eða ungmenni í skólanum. Virk lausnateymi, sem kennarar og annað starfsfólk getur leitað strax til eftir stuðningi, ráðgjöf og handleiðslu til að takast á við hegðun, nám, líðan og samskipti barna og ungmenna, reyndust vera til staðar í 65% leikskóla en helmingi grunn- og framhaldsskóla.



Mynd 10: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um mat og stuðning játandi¹⁰


Þegar kom að einstaklingsmiðuðum stuðningi við börn og ungmenni í skólastarfi virtist staðan langbest í leikskólum (sjá mynd 11). Aðeins tæp 60% svarenda í grunnskólum sögðu alla nemendur, sem eiga erfitt með nám, hegðun eða aðra þætti sem hindra farsæla skólagöngu, fá einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun en í leikskólum var þetta hlutfall tæp 80%. Hlutfallið var þó enn lægra í framhaldsskólum eða einungis 30%. Svarendur í aðeins helmingi grunn- og framhaldsskóla, en 70% leikskóla, sögðu jafnframt einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir unnar í samvinnu við nemendur og foreldra eftir því sem við á. Í tæpum 90% leikskóla og rúmum 70% grunnskóla voru einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir endurskoðaðar reglulega til að meta framfarir og koma sem best til móts við þarfir viðkomandi barns eða ungmennis en það sama mátti segja um helming framhaldsskóla.

Einungis í helmingi grunnskóla reyndust sérmenntaðir aðilar á sviði náms-, hegðunar- og tilfinningavanda hafa yfirumsjón með framkvæmd og endurmati stuðningsáætlana en í leik- og framhaldsskólum var hlutfallið um og yfir 70%. Þegar spurt var hvort slíkir aðilar handleiddu annað starfsfólk skólans, sem kemur að málum viðkomandi barns eða ungmennis, var það raunin í tæplega 40% grunnskóla og helmingi framhaldsskóla en yfir 70% leikskóla.

Að lokum komu sláandi niðurstöður fram á öllum skólastigum þegar spurt var um verkferla í tengslum við geðheilbrigðisvanda, vanrækslu og ofbeldi meðal barna og ungmenna og

¹⁰ Staðhæfingar voru: 1) Í skólanum eru snemmtæk úrræði til staðar til að mæta þörfum barna og ungmenna sem þurfa aðstoð vegna hegðunar, tilfinninga- eða félagsfærni, 2) Úrræðin sem eru til staðar í skólanum eru sívirkt og miða að því að grípa snemma inn í byrjandi vanda áður en hann þróast lengra, 3) Ef merki um óæskileg samskipti eða hegðunarvanda koma ítrekað fram hjá nemanda er framkvæmt virknimat með beinu áhorfi af aðila sem er ekki tengdur málinu og hefur hlotið til þess viðeigandi menntun og þjálfun, 4) Í skólanum er virkt lausnateymi sem kennarar og annað starfsfólk getur leitað strax til eftir stuðningi, ráðgjöf og handleiðslu til að takast á við hegðun, nám, líðan og félagsleg samskipti barna og ungmenna þegar erfiðleika verður vart, 5) Nemendur eru hvattir til að láta vita í skólanum af vanlíðan og erfiðleikum og leita sér aðstoðar, 6) Tryggt er að nemendur viti hvert þeir geta leitað eftir stuðningi og aðstoð innan skólans.

tilkynningaskyldu til barnaverndar. Í minna en helmingi skólanna reyndust skráðir verkferlar vera til staðar sem allt starfsfólk þekkti varðandi viðbrögð vegna geðheilbrigðisvanda, ofbeldi og vanrækslu og var staðan sérstaklega slæm í framhaldsskólum þar sem minna en fjórðungur skóla reyndist hafa slíka verkferla skráða. Jafnframt reyndust aðeins tæp 40% grunnskóla, þriðjungur leikskóla og 17% framhaldsskóla fara árlega yfir verkferla og ábyrgð starfsfólks varðandi tilkynningaskyldu til barnaverndar. Hlutfall skóla þar sem þetta var að litlu eða engu leyti gert var í öllum tilfellum hærra, eða í helmingi leik- og grunnskóla og 70% framhaldsskóla (sjá töflu 4).



Mynd 11: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um mat og stuðning játandi¹¹


Tafla 4: Hlutfall skóla með skráða verkferla og árlega yfirferð tilkynningaskyldu til barnaverndar

	Leikskólar		Grunnskólar		Framhaldsskólar	
	Að mestu eða öllu leyti rétt	Að litlu eða engu leyti rétt	Að mestu eða öllu leyti rétt	Að litlu eða engu leyti rétt	Að mestu eða öllu leyti rétt	Að litlu eða engu leyti rétt
Í skólanum eru skráðir verkferlar um viðbrögð vegna gruns um geðheilbrigðisvanda, vanrækslu eða ofbeldi meðal barna sem allt starfsfólk þekkir	40%	41%	43%	37%	23%	60%
Í skólanum er að minnsta kosti árlega farið vel yfir verkferla og ábyrgð starfsfólks þegar kemur að tilkynningaskyldu til barnaverndar	34%	48%	39%	46%	17%	70%

¹¹ Staðhæfingar voru: 1) Í skólanum fá allir nemendur einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun sem eiga erfitt með nám, hegðun eða aðra þætti sem hindra farsæla skólagöngu, 2) Einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir eru útbúnaðar í samvinnu við nemanda og foreldra, 3) Einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir eru endurskoðaðar reglulega til að meta framfarir og koma á sem árangursríkastan hátt til móts við þarfir nemanda, 4) Í skólanum hafa sérmenntaðir aðilar á sviði náms-, hegðunar- og tilfinningavanda barna og ungmenna yfirumsjón með framkvæmd og endurmati einstaklingsmiðaðra stuðningsáætlana, 5) Í skólanum veita sérmenntaðir aðilar á sviði náms-, hegðunar- og tilfinningavanda, starfsfólki sem kemur að málum nemanda með einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun, handleiðslu, 6) Í skólanum eru skráðir verkferlar um viðbrögð vegna gruns um geðheilbrigðisvanda, vanrækslu eða ofbeldi meðal barna og ungmenna sem allt starfsfólk þekkir, 7) Í skólanum er að minnsta kosti árlega farið vel yfir verkferla og ábyrgð starfsfólks þegar kemur að tilkynningaskyldu til barnaverndar.

4.9 Samstarf við aðrar stofnanir

Í níunda hluta könnunarinnar var spurt um samstarf skólans við aðrar stofnanir og fagfólk sem sinnir velferð og vellíðan barna og ungmenna. Að mati svarenda áttu 90% leikskóla, rúm 80% grunnskóla og 70% framhaldsskóla í virku samstarfi við heilbrigðis-, félags- og skólaþjónustu til að styðja við líðan og velferð barna og ungmenna í skólanum (sjá mynd 12). Í tæpum 90% leikskóla reyndist tilgreindur aðili innan skólans hafa ábyrgð og umsjón með því að úrræði og ráðleggingar frá öðrum stofnunum vegna þarfa barna væru að fullu innleiddar í skólanum en það sama átti við um einungis rúm 60% grunnskóla og tæp 60% framhaldsskóla.



Mynd 12: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um samstarf við aðrar stofnanir játandi¹²


Þegar spurt var hvaða fagstéttum skólarnir hefðu greiðan aðgang að var algengast að leikskólar hefðu greiðan aðgang að þjónustu talmeinafræðings (89%), því næst að þjónustu sálfræðings (85%) og svo sérkennara (74%). Tæplega tveir af hverjum þremur leikskólum (64%) höfðu aðgengi að þjónustu félagsráðgjafa og 52% að þroskaþjálfara og hjúkrunarfræðingi. Í grunnskólum var algengast að skólar hefðu greiðan aðgang að þjónustu hjúkrunarfræðings (91%), þá sérkennara (84%) og svo námsráðgjafa (74%). Tæplega tveir af þremur (63%) höfðu aðgengi að sálfræðingi og þroskaþjálfara (60%) en tæpur helmingur (46%) að félagsráðgjafa og talmeinafræðingi. Nánast allir framhaldsskólar (97%) höfðu aðgang að þjónustu námsráðgjafa og 73% að sálfræðingi en rúmur helmingur (57%) að hjúkrunarfræðingi og sérkennara og 46% að þjónustu félagsráðgjafa.

¹² Staðhæfingar voru: 1) Virkt samstarf er við stuðningsþjónustu (heilbrigðis-, félags- og skólaþjónustu) um að styðja sem best við líðan og velferð barna og ungmenna í skólanum, 2) Starfsfólk skólans fær stuðning í samræmi við þörf vegna hegðunarerfiðleika nemenda, 3) Starfsfólk skólans fær stuðning í samræmi við þörf vegna tilfinningalegra erfiðleika nemenda, 4) Starfsfólk skólans fær stuðning í samræmi við þörf vegna félagslegra erfiðleika nemenda, 5) Starfsfólk skólans fær stuðning í samræmi við þörf vegna einkenna um áföll, öfbeldi eða vanrækslu meðal nemenda, 6) Starfsfólk skólans fær stuðning í samræmi við þörf í tengslum við neikvæð samskipti og einelti meðal nemenda, 7) Tilgreindur aðili innan skólans hefur ábyrgð og umsjón með því að úrræði og ráðleggingar frá öðrum stofnunum sem snúa að þörfum nemanda með náms-, hegðunar-, félags- eða tilfinningavanda séu að fullu innleiddar í skólanum.

Aftur á móti þegar spurt var hvort starfsfólk skólanna fengi stuðning í samræmi við þörf til að takast á við vanda barna og ungmenna var það yfirleitt ekki raunin. Staðan virtist einna best í leikskólum en þar töldu svarendur 63-71% skóla að starfsfólkið fengi nægan stuðning vegna hegðunar-, félagslegra- og tilfinningalegra erfiðleika barna. Það sama gildi aðeins um 40-46% grunnskóla og 50-57% framhaldsskóla. Starfsfólk í um það bil tveimur af hverjum þremur skólum á öllum skólastigum taldi sig fá nægan stuðning vegna neikvæðra samskipta og eineltis meðal nemenda en hlutfallið var lægst í framhaldsskólum eða 60%.

4.10 Samstarf við foreldra

Síðasti hluti könnunarinnar sneri að samstarfi við foreldra og var ávallt tekið fram að eingöngu væri átt við foreldra nemenda undir 18 ára í könnun fyrir framhaldsskóla. Niðurstöður sýndu að á öllum skólastigum er litið á foreldra sem mikilvæga samstarfsaðila, tekið vel á móti ábendingum þeirra varðandi skólastarfið og unnið úr þeim með skipulegum og lausnamiðuðum hætti (sjá mynd 13).



Mynd 13: Hlutfall skóla sem svarar staðhæfingum um samstarf við foreldra játandi¹³

Aftur á móti var afar sjaldgæft á öllum skólastigum að foreldrar tækju virkan þátt í mótun stefnu og aðgerða innan skólans á sviði hegðunar, félags- og tilfinningafærni og nokkur misbrestur var á

¹³ Staðhæfingar voru: 1) Foreldrum er gerð grein fyrir því hvernig úrræði og ráðleggingar frá öðrum stofnunum, sem snúa að þörfum nemanda með náms-, hegðunar-, félags- eða tilfinningavanda, eru innleiddar í skólanum og fá reglulega upplýsingar um framvindu, 2) Foreldrar eru ávallt upplýstir um niðurstöður kannana á líðan og skólabrag, 3) Í skólanum er litið á foreldra sem mikilvæga samstarfsaðila um nám og líðan barna og ungmenna, 4) Foreldrar taka virkan þátt í mótun stefnu og aðgerða skólans á sviði hegðunar, félags- og tilfinningafærni, 5) Skólinn leggur sig sérstaklega fram um að ná til og fá fram raddir foreldra nemenda sem búa á einhvern hátt við jaðarsetta stöðu, 6) Starfsfólk fær stuðning og leiðbeiningar frá yfirmönnum og/eða samstarfsfólki varðandi jákvætt og lausnamiðað samstarf við foreldra, 7) Í skólanum er boðið upp á árleg foreldrasamtöl, og oftast eftir þörfum, þar sem rætt er um nám, líðan og félagslega stöðu nemenda, 8) Í skólanum er lögð áhersla á að starfsfólk hafi strax samband við foreldra ef áhyggjur vakna um velferð og líðan nemanda, 9) Í skólanum er vel tekið á móti ábendingum frá foreldrum varðandi líðan, nám og félagslega stöðu nemenda, samskipti við starfsfólk o.s.frv., 10) Í skólanum er unnið úr ábendingum og athugasemdum frá foreldrum með skipulegum og lausnamiðuðum hætti.

Því í grunn- og framhaldsskólum að foreldrar væru upplýstir um mikilvæg atriði eins og niðurstöður kannana á líðan og skólabrag og verklag í sambandi við stuðning við nemendur.

Mikinn mun eftir skólastigum mátti sjá þegar kom að virku samstarfi og samskiptum við foreldra. Í nánast öllum leik- og grunnskólum voru haldin regluleg foreldrasamtöl um nám, líðan og félagslega stöðu barnanna í skólanum en þetta átti aðeins við um 40% framhaldsskóla. Þegar spurt var hvort skólinn legði sig sérstaklega fram um að ná til foreldra nemenda sem búa á einhvern hátt við jaðarsetta stöðu var því svarað játandi í 40% leik- og grunnskóla á móti 20% framhaldsskóla. Mun færri svarendur í framhaldsskólum sögðu einnig áherslu lagða á að hafa strax samband við foreldra ef áhyggjur vöknuðu af líðan eða velferð nemenda undir 18 ára aldri. Í nánast öllum leik- og grunnskólum var þessu svarað játandi en aðeins í 67% framhaldsskóla. Eins fékk starfsfólk í framhaldsskólum mun minni stuðning og ráðgjöf frá stjórnendum og samstarfsfólki varðandi farsælt samstarf við foreldra.

4.11 Opin svör

Við lok könnunar voru svarendur spurðir hvað, ef eitthvað að þeirra mati, þyrfti að gera til að hlúa betur að geðheilsu og vellíðan barna á viðkomandi skólastigi. Hér ber að nefna að oft fólust ábendingar um fleiri en eitt atriði í hverju svari og því er fjöldi svara meiri en fjöldi skóla í könnuninni. Þegar svör voru greind eftir innihaldi í leikskólum mátti sjá að langstærstur fjöldi þeirra sneri að minnkun barnahópa, fækkun barna í rými og fækkun barna á hvern starfsmann (sjá töflu 5). Eins var áberandi ákall eftir aukinni fræðslu, þjálfun og handleiðslu fyrir starfsfólk og skýrari verkferlum, stefnu og áætlunum um geðheilsu og líðan barna í leikskólum. Meðal annarra algengra þátta sem greina mátti í svörum starfsfólks voru umbætur á skólaumhverfi, fjölgun starfsfólks og hlutfalls leikskólakennaramenntaðra, styttri viðveru barna í leikskólum, einkum þeirra yngstu, betra aðgengi að sérfræðingum og stuðningsþjónustu, aukin áhersla að kenna félags- og tilfinningafærni og bættar starfsaðstæður og stuðningur við starfsfólk í leikskólum.

Tafla 5: Hvað þarf að gera að ykkar mati til að hlúa betur að geðheilsu og vellíðan barna í leikskólum?

Tillögur svarenda	Fjöldi svara
Minnkun barnahópa, fækkun barna í rými/á hvern starfsmann	67
Auka fræðslu, þjálfun og handleiðslu fyrir starfsfólk	49
Skýrari áætlanir, stefna og verkferlar	45
Bæta skólaumhverfi og aðstæður	37
Fjölga starfsfólki og auka hlutfall leikskólakennaramenntaðra	35
Stytta viðveru barna í leikskólum	30
Efla aðgengi að stuðningsúrræðum og þjónustu	29
Efla kennslu í félags- og tilfinningafærni	26
Betri starfsaðstæður og stuðningur við starfsfólk	25

Algengustu svör frá grunnskólum má sjá í töflu 6. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sneri að auknu aðgengi að sérfræðiþjónustu og þverfaglegu samstarfi, en þar á eftir komu ábendingar um að efla kennslu í félags- og tilfinningafærni, auka fræðslu til starfsfólks og innleiða markvissari verkferla og áætlanir. Þá komu ábendingar um umbætur í námi, s.s. að auka fjölbreytileika í námsúrvali og skipuleggja nám betur út frá áhugasviði nemenda, og betra skólaumhverfi, s.s. að bæta kennslurými, takmarka notkun farsíma og minnka fjölda í bekkjum.

Tafla 6: Hvað þarf að gera að ykkar mati til að hlúa betur að geðheilsu og vellíðan nemenda í grunnskólum?

Tillögur svarenda	Fjöldi svara
Aðgengi að sérfræðipjónustu og þverfaglegt samstarf	88
Efla kennslu í félags- og tilfinningafærni	26
Bæta skipulag, verkferla og áætlanir	23
Umbætur í námi	19
Umbætur í skólaumhverfi	15


Í opnum svörum á framhaldsskólastigi komu víða fram ábendingar um að atriði í könnuninni væru of grunnskólamiðuð og ættu því síður við í framhaldsskólum. Mikilvægt er að hafa þann varnagla í huga við túlkun niðurstaðna. Þó ber að nefna að talsverður samhljómur var meðal aðila í samráðshópum um að atriði könnunarinnar ættu erindi við öll skólastig. Þegar svarendur í framhaldsskólum voru spurðir álits á því hvað þyrfti að gera að þeirra mati til að hlúa betur að geðheilsu og vellíðan ungmenna í framhaldsskólum var langalgengast að kallað væri eftir aukinni stuðningsþjónustu, aðgengi að sérfræðingum og teymisvinnu innan skólanna en tvær af hverjum þremur athugasemdum lutu að þessum áherslum. Einnig var kallað eftir markvissari kennslu í félags- og tilfinningafærni, aukinni fræðslu og stuðningi fyrir starfsfólk, aukinni áherslu á líðan og félagslega stöðu nemenda og auknu samstarfi við foreldra.

Tafla 7: Hvað þarf að gera að ykkar mati til að hlúa betur að geðheilsu og vellíðan nemenda í framhaldsskólum?

Tillögur svarenda	Fjöldi svara
Auka stuðningsþjónustu, teymisvinnu og aðgengi að sérfræðingum	20
Efla kennslu í félags- og tilfinningafærni	7
Auka fræðslu og stuðning fyrir starfsfólk	6
Hlúa betur að félagslegri stöðu og líðan nemenda	3
Efla samstarf við foreldra	3

5. Samantekt

Til að fá yfirlit yfir heildarstöðu á ólíkum skólastigum var hlutfall skóla á hverju skólastigi, sem svaraði atriðum undir hverjum yfirflokki játandi, tekið saman í eitt heildarskor. Heildarskorið sýnir þannig *hlutfall atriða innan hvers flokks* sem skólar á viðkomandi skólastigi svöruðu að jafnaði játandi. Til dæmis má sjá á mynd 14 að leikskólar í könnuninni svöruðu að jafnaði 58% atriða sem snúa að stefnu og starfsháttum játandi, grunnskólar svöruðu að jafnaði 54% þeirra játandi og framhaldsskólar 47%. Í þeim tilfellum þar sem jákvæð svör merkja neikvæða stöðu, svo sem þegar spurt var hvort starfsmannavelta væri vandamál í skólanum eða hvort of mörg börn væru saman í hóp eða bekk, var svörum snúið við þannig að heildarskorið vísi alltaf til betri stöðu. Súluarnar á myndinni hér fyrir neðan endurspegla þannig heildarstöðu á leikskólastigi, grunnskólastigi og framhaldsskólastigi á hverjum þeirra tíu áhersluþátta sem spurt var um í könnuninni og herra hlutfall merkir alltaf betri stöðu á viðkomandi skólastigi.




Mynd 14: Hlutfall atriða sem skólar svara að jafnaði játandi í hverjum flokki

Eins og sjá má var staðan almennt best á sviði tengsla og umhyggju á öllum skólastigum. Minnstan mun milli skólastiga mátti sjá á þáttum sem sneru að jafnrétti og þátttöku og hegðun og samskiptum en þegar talsverður munur kom fram á milli skólastiga var staðan jafnan best á leikskólastigi en lökust í framhaldsskólum. Framhaldsskólar stóðu bæði leik- og grunnskólum talsvert að baki þegar kom að kennslu í félags- og tilfinningafærni, mati og stuðningi í skólastarfi og samstarfi við foreldra. Aftur á móti var staðan langbest í framhaldsskólum þegar kom að umhverfi og starfsaðstæðum. Í leik- og grunnskólum var staðan almennt verst á því sviði en í framhaldsskólum var staðan lökust á sviði kennslu í félags- og tilfinningafærni. Hér fyrir neðan má lesa nánari samantekt af helstu niðurstöðum á hverju skólastigi.

5.1 Leikskólastig

Mynd 15 sýnir heildarstöðu í leikskólum á hverju áherslusviði könnunarinnar. Í fjórum af tíu flokkum var að minnsta kosti 70% atriða svarað játandi og aðeins í einum flokki var minna en helmingi atriða svarað játandi. Þetta var nokkuð betri staða en kom fram á öðrum skólastigum.



Mynd 15: Hlutfall atriða sem svarað var játandi innan hvers flokks í leikskólum

Líkt og á öðrum skólastigum var staðan í leikskólum langbest þegar kom að tengslum og umhyggju og þar á eftir kom samstarf við foreldra. Í tveimur flokkum var staða leikskóla þó heldur slök, en það var á sviði stefnu og starfshátta og umhverfis og aðstæðna. Í fæstum leikskólum reyndist skýr stefna og heildarsýn vera til staðar um geðrækt, forvarnir og snemmtækan stuðning við börn, innviðir eða áætlun til að styðja við farsæla framkvæmd og mat á fylgni starfsfólks við starfshætti sem ætti að viðhafa innan skólans til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni barna. Allt eru þetta lykilmættir til þess að geðræktarstarf festist í sessi og verði árangursríkt.

Umhverfi og aðstæðum í leikskólum var töluvert ábótavant að mati svarenda en í minnihluta skólanna þóttu rými henta til starfsins, kennslurými vera rúmgóð, takmörkun áreitis í umhverfi barnanna möguleg, loftgæði í lagi og hljóðvist góð. Þá er aðgengi fatlaðra áhyggjuefni en að mati svarenda var aðgengi gott úti sem inni í minna en helmingi leikskólanna. Á leikskólastiginu var jafnframt lang algengast að mannekla og starfsmannavelta væru talin vandamál og eins var algengast að barnahópar á því skólastigi þættu of fjölmennir. Í leikskólakönnun var spurt hvort tækifæri gæfust til að veita hverju barni undir 2ja ára aldri einstaklingsmiðaða athygli yfir daginn í ljósi þess hve mikilvægt það er fyrir ung- og smábörn að mynda tengsl við þá sem annast þau. Ekki var tilgreint í hverju slíki athygli skyldi felast eða hve lengi hún skyldi vara en þrátt fyrir það var aðeins staðfest að þetta tækist í 65-74% leikskóla sem sinntu börnum á þessum aldri.

Í færri leikskólum en á öðrum skólastigum þótti starfsfólk búa yfir nægilegri færni og þekkingu til að styðja við jákvæða hegðun og samskipti barna að mati svarenda og sjaldgæft var að starfsfólk fengi reglulega þjálfun í að nýta gagnreyndar aðferðir á þessu sviði. Áhersla á að byggja upp þekkingu starfsfólks á þroska og geðheilsu barna ásamt færni í því að efla jákvæða hegðun, líðan og samskipti þeirra var að finna í starfsþróunaráætlunum tæplega tveggja af hverjum þremur leikskólum. Í ljósi mikilvægi þessara þátta fyrir farsælt starf og velferð barna væri ákjósanlegt að þetta væri til staðar í öllum leikskólum.

Staðan í leikskólum var víðast góð hvað jafnrétti og þátttöku snerti og jafnvel betri en á öðrum skólastigum. Til dæmis var algengast á leikskólastiginu að öll börn fengju verkefni og kennslu sem hæfði getu þeirra, val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsaðstæður eins og kostur er og að fjölbreyttar kennsluáðferðir væru nýttar til að efla áhuga og þátttöku allra barna. Nemendalýðræði var þó minnst í leikskólum, sem ef til vill endurspeglar ungan aldur barnanna, en þó má vera að þetta sé svið sem megi vinna betur með á leikskólastigi.

Þegar kom að kennslu í félags- og tilfinningafærni stóðu skólar á leikskólastigi mun betur en á hinum skólastigunum. Þó má þar sjá ýmis sóknarfæri. Til dæmis vann aðeins um helmingur leikskóla í könnuninni eftir heildstæðri áætlun um kennslu á þessu sviði og hafði tilgreint markmið í skólanámsskrá en til þess að kennslan sé markviss og árangursrík er mikilvægt að hafa formlega og skilgreinda umgjörð.

Nokkur atriði varðandi nálgun að hegðun barna mætti einnig taka til skoðunar. Aðeins 40% leikskóla höfðu skólareglur sýnilegar í einföldu máli og myndum innan skólans og afar sjaldgæft var að reglur væru unnar í samvinnu við börn og/eða foreldra. Á leikskólastigi var þó langmest um það að hrós og hvatning væru nýtt markvisst í starfi skólans og jákvæðri hegðun barna var veitt athygli í langflestum leikskólum. Jafn mikilvægt er þó að veita vægri neikvæðri eða truflandi hegðun ekki athygli en það reyndist aðeins gert í helmingi leikskóla. Þá var hlutfall skóla, þar sem skammir og refsingar voru *ekki* notaðar til að hafa áhrif á hegðun barna, lægst á leikskólastigi. Skammir og refsingar eru almennt ekki taldar árangursríkar leiðir til að hafa jákvæð áhrif á hegðun barna og geta haft neikvæð áhrif á tengsl þeirra við skólann og starfsfólk hans. Betra er að vinna markvisst að því að uppbyggilegar og jákvæðar leiðir séu nýttar í starfinu en í því tilliti er lykilatriði að vinnubrögð starfsfólks séu samræmd. Sú var aðeins raunin í 60% leikskóla. Til þess að umhverfi barna verði styðjandi, fyrirsjáanlegt og sanngjarnt er mikilvægt að allt starfsfólk vinni í takt og viðmið séu eins hjá öllu starfsfólki.

Mun fleiri leikskólar, líkt og skólar á öðrum skólastigum, mættu einnig nýta gögn og árangursmælingar með markvissum hætti til að efla geðræktarstarf, skólabrag og stuðning við börn. Eins og staðan er í dag á þetta við um færri en tvo af hverjum þremur leikskólum. Sömuleiðis mætti kerfisbundin söfnun gagna vera meiri í leikskólum en árlegar foreldrakannanir voru aðeins lagðar fyrir í rúmum helmingi leikskólanna og rúmur fjórðungur framkvæmdi tengslakannanir meðal barna. Þá mættu fleiri leikskólar, sem og skólar á öðrum skólastigum, gera reglulegar þarfagreiningar á því hvort og hvaða stuðning skorti í skólanum til að þörfum allra barna sé mætt og þeim líði vel. Aðeins rúmur helmingur leikskóla í könnuninni gerði þetta reglulega.


Snemmtæk og sívirk úrræði voru til staðar í flestum leikskólum og var staðan á því skólastigi langbest þegar kom að einstaklingsmiðuðum stuðningi við börn. Í leikskólum var hlutfall skóla hæst þegar spurt var hvort öll börn sem á þyrftu að halda fengju einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun, hvort stuðningsáætlanir væru útbúnar í samvinnu við börn og/eða foreldra og hvort þær væru endurskoðaðar reglulega til að meta framfarir. Eins var hlutfallið hæst í leikskólum þar sem sérmenntaðir aðilar höfðu yfirumsjón með framkvæmd og endurskoðun stuðningsáætlana og handleiddu annað starfsfólk sem sinnti viðkomandi barni.

Aftur á móti mátti sjá töluverðan misbrest á leikskólastigi, sem og öðrum skólastigum, þegar kom að verkferlum í tengslum við geðheilbrigðisvanda, vanrækslu og ofbeldi meðal barna og tilkynningaskyldu til barnaverndar. Minna en helmingur leikskóla hafði skráða verkferla sem allt starfsfólk þekkti um viðbrögð vegna geðheilbrigðisvanda, vanrækslu eða ofbeldis og aðeins í einum af hverjum þremur leikskólum var farið árlega yfir verkferla og ábyrgð starfsfólks varðandi tilkynningar til barnaverndar. Þetta er staða sem mikilvægt er að verði skoðuð nánar.

Hlutfall skóla, þar sem svarendur sögðu virkt samstarf vera til staðar við þjónustustofnanir og fagaðila sem sinna velferð og líðan barna, var hæst á leikskólastiginu. Fleira starfsfólk í leikskólum en á öðrum skólastigum taldi sig fá stuðning í samræmi við þörf vegna félags- og tilfinningavanda, hegðunar, áfalla og ofbeldis meðal barna. Á leikskólastiginu var einnig langhæst hlutfall skóla þar sem tilgreindur aðili innan skólans bar ábyrgð á því að úrræði og ráðleggingar frá öðrum stofnunum um þarfir barns væru innleiddar í skólanum, þar sem foreldrum var greint frá því fyrirkomulagi og þeir reglulega upplýstir um framvindu. Foreldrasamstarf var almennt með besta móti í leikskólum, að undanskilinni virkri þátttöku foreldra í mótun stefnu og aðgerða á sviði hegðunar-, félags- og tilfinningafærni og viðleitni til að ná til foreldra barna sem búa við jaðarsetta stöðu. Þessu var svarað játandi í fæstum skólum þvert á skólastig, en þó hlutfallslega fleirum á leikskólastigi.

5.2 Grunnskólastig

Á mynd 16 má sjá heildarstöðu á grunnskólastigi á hverjum áhersluþætti könnunarinnar. Eins og sjá má eru aðeins tveir flokkar þar sem að minnsta kosti 70% atriða er svarað játandi og í einum flokki var minna en helmingi atriða svarað játandi. Í þremur flokkum til viðbótar voru jákvæð svör rétt um 50%. Heildarstaða geðræktar, forvarna og stuðnings við nemendur á grunnskólastigi, samkvæmt svörum frá starfsfólki, er því víða lakari en í leikskólum en þó jafnan betri en í framhaldsskólum.



Mynd 16: Hlutfall atriða sem svarað var játandi innan hvers flokks í grunnskólum

Líkt og á leikskólastigi var staðan best í grunnskólum þegar kom að tengslum og umhyggju í skólastarfi og samstarfi við foreldra. Aftur á móti var staðan lökust í grunnskólum á sviði stefnu og starfshátta, umhverfi og starfsaðstæðna, kennslu í félags- og tilfinningafærni og samstarfi við aðrar stofnanir en á þessum þáttum var rétt um og undir helmingi atriða svarað játandi.

Aðeins rúmur þriðjungur grunnskóla hafði mótað sér heildarsýn og stefnu um geðrækt, forvarnir og snemmtækan stuðning við nemendur, sem var lægra hlutfall en á öðrum skólastigum. Unnið var samkvæmt skilgreindu verkferli og áætlun um innleiðingu geðræktarstarfs í rúnum 40% grunnskóla og innviðir, s.s. teymi, verkferlar og stuðningur við starfsfólk, voru til staðar í rétt undir helmingi skólanna. Aðeins einn af hverjum fimm grunnskólum fylgdist með því hvort þær aðferðir, sem ákveðið var að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni nemenda, væru í raun notaðar í skólanum.

Þegar kom að starfsaðstæðum og umhverfi var staðan víðast hvar bágbornari en á öðrum skólastigum. Færri svarendur í grunnskólum en á öðrum skólastigum töldu t.d. rými skólans henta vel til starfsins, að mögulegt væri að takmarka áreiti í umhverfi nemenda og skipta þeim niður í smærri hópa ef þörf krefði. Á grunnskólastigi var jafnframt lægst hlutfall skóla þar sem loftgæði og hljóðvist voru talin góð. Í helmingi grunnskóla voru bekkir taldir of fjölmennir og kennslurými talin rúmgóð í minna en helmingi skólanna. Líkt og í leikskólum vekur það áhyggjur að aðgengi fatlaðra þótti ekki gott nema í helmingi grunnskóla. Þá var starfsmannavelta talin vandamál sem hamlaði gæðum starfsins í einum af hverjum fimm grunnskólum og mannekla í tæpum 40% skóla.

Starfsfólk í grunnskólum var í flestum tilfellum talið búa yfir nægri þekkingu og færni til að styðja við jákvæða hegðun, líðan og samskipti nemenda og mikil áhersla var lögð á að starfsfólk sýndi þá færni sem ætlast væri til af nemendum. Aftur á móti var aðeins lögð áhersla á að byggja upp slíka

færni í starfsþróunaráætlunum í helmingi grunnskóla og, líkt og á öðrum skólastigum, var sjaldgæft að starfsfólk fengi þjálfun í gagnreyndum aðferðum á sviði hegðunar og bekkjastjórnunar.

Í grunnskólum var staðan yfirleitt góð hvað varðar jafnrétti og virka þátttöku nemenda en þó var hlutfall skóla, þar sem nemendur fengu val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsaðstæður eins og kostur er, lægst á því skólastigi. Þetta er talið mikilvægt þegar kemur að sjálfræði (e. autonomy) nemenda og snertir velferð þeirra í námi. Eins var sjaldgæfara í grunnskólum en leikskólum að allir fengju verkefni og kennslu sem hæfði getu þeirra og að fjölbreyttar aðferðir væru nýttar við kennslu. Nemendalýðræði var þó meira í grunnskólum en leikskólum og sömuleiðis stóðu grunnskólar vel þegar kom að jafnréttiskennslu og tilliti til einstaklingsbundinna þarfa nemenda.

Eins og áður hefur komið fram var staðan góð í grunnskólum hvað varðar skólatengsl og umhyggju gagnvart nemendum. Áhyggjur vekur þó að í grunnskólum var hlutfallið lægst samanborið við önnur skólastig þar sem þess var gætt, við móttöku nýrra nemenda, að mikilvægar upplýsingar um velferð þeirra kæmust til skila til þeirra sem tengjast nemandanum í daglegu starfi. Í leik- og framhaldsskólum var þetta hlutfall 87-97% en í grunnskólum aðeins 69%. Eins mættu fleiri grunnskólar vinna markvisst að því að efla félagstengsl og vinna gegn einsemd meðal nemenda, en þetta var gert í 64% grunnskóla að mati svarenda á móti nær 80% leikskóla.

Staða kennslu í félags- og tilfinningafærni var alls staðar töluvert lakari í grunnskólum en leikskólum, að undanskilinni þjálfun í því að tala fyrir framan aðra og tjá skoðanir sínar, þar sem hlutfallið var hæst af öllum skólastigum. Minna en helmingur grunnskóla vann eftir heildstæðri áætlun um kennslu hegðunar-, félags- og tilfinningafærni og minna en þriðjungur hafði skilgreint markmið fyrir slíka kennslu í skólanámsskrá.

Þegar kom að nálgun að hegðun barna og ungmenna í grunnskólum voru víða viðhöfð góð vinnubrögð að mati svarenda. Til dæmis voru reglur í meirihluta skólanna fáar og skýrar, tilgreindu hvað *ú* að gera, frekar en hvað á *ekki* að gera, og jákvæðri hegðun barna veitt markviss athygli. Aftur á móti voru reglur í aðeins helmingi grunnskólanna í könnuninni unnar í samvinnu við nemendur og foreldra og minna en helmingur hafði reglurnar sýnilegar í einföldu máli og myndum innan skólans. Eins mætti nýta hrós og hvatningu betur í starfi grunnskóla en að mati svarenda voru hrós og hvatning nýtt kerfisbundið í starfi skólans í rúmum 60% grunnskóla á móti 85% skóla á leikskólastigi.

Á grunnskólastigi var jafnframt lægst hlutfall skóla þar sem unnið var með aðstæður og umhverfi til að fyrirbyggja erfiða hegðun hjá nemendum og samræmd vinnubrögð starfsfólks í tengslum við hegðun nemenda var aðeins til staðar í helmingi grunnskóla. Tækifæri til umbóta þegar kemur að eflingu jákvæðrar hegðunar eru því víða. Mikilvægt er að nálgun að hegðun barna sé uppbyggileg og beinist fyrst og fremst að forvörnum frekar en viðurlögum. Nauðsynlegt er að viðmið séu raunhæf og skýr, að börnum sé kennt með jákvæðum stuðningi að hegða sér eins og til er ætlast og vinnubrögð starfsfólks séu samræmd. Mikilvægt er að leggja áherslu á hið jákvæða og gæta þess að viðhalda jákvæðum tengslum nemenda við skólann.

Þegar kom að því að safna gögnum um skólabrag, líðan og félagstengsl nemenda var staðan langbest í grunnskólum en nánast allir grunnskólar í könnuninni lögðu fyrir árlegar nemendakannanir, rúmlega tveir af hverjum þremur lögðu einnig fyrir foreldrakannanir og nærri þrír af fjórum framkvæmdu tengslakannanir til að bregðast við merkjum um félagslega einangrun eða útilokun meðal nemenda. Hér mættu skólar á öðrum skólastigum sannarlega líta til grunnskólans sem fyrirmyndar. Líkt og á öðrum skólastigum vantaði þó nokkuð upp á að gögn væru nýtt með markvissum hætti til að efla geðræktarstarf, skólabrag og stuðning við nemendur

en það var aðeins gert í 60% grunnskóla. Eins gerði aðeins helmingur grunnskóla reglulega þarfagreiningu á því hvaða stuðning skorti í skólanum til að þörfum allra nemenda væri mætt.

Þegar kom að úrræðum og stuðningi við nemendur var sláandi að sjá hve staðan var víða slæm en mun færri grunnskólar en skólar á öðrum skólastigum höfðu snemmtæk og sívirk úrræði til að mæta þörfum nemenda vegna hegðunar-, félags- eða tilfinningalegra erfiðleika. Svarendur í 80% leikskóla og 84% framhaldsskóla sögðu slík úrræði vera til staðar en aðeins í 60-65% grunnskóla. Lausnateymi var aðeins til staðar í rúmum helmingi grunnskóla samanborið við tvo af þremur leikskólum.


Þrátt fyrir að réttindi grunnskólanemenda til einstaklingsnámskrár hafi verið staðfest með reglugerð reyndust aðeins tæp 60% grunnskóla veita öllum nemendum, sem eiga erfitt með nám, hegðun eða aðra þætti sem hindra farsæla skólagöngu, einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun. Í leikskólum var þetta hlutfall tæp 80%. Mun lægra hlutfall grunnskóla en leikskóla reyndist einnig útbúa slíkar áætlanir í samvinnu við börn og foreldra og endurskoða þær reglulega til að meta framfarir. Þá var hlutfall skóla, þar sem sérmenntaðir aðilar höfðu umsjón með framkvæmd og endurmati stuðningsáætlana og sinntu handleiðslu til annars starfsfólks í málefnum nemandans, sömuleiðis lægst á grunnskólastigi. Þessi staða hlýtur að teljast alvarleg í ljósi skólastefnu um menntun fyrir alla og réttindi nemenda til þess að komið sé til móts við þarfir þeirra í skólastarfi.

Þrátt fyrir að yfir 80% grunnskóla ættu í virku samstarfi við aðrar stofnanir og sérfræðinga reyndist starfsfólk í grunnskólum sjaldnast fá stuðning í samræmi við þörf að mati svarenda. Í minna en helmingi grunnskóla var starfsfólk talið fá nægan stuðning vegna hegðunarerfiðleika, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, áfalla og ofbeldis meðal barna. Í leikskólum var þetta hlutfall 63-71%. Í mun færri grunnskólum en leikskólum reyndist einnig tilgreindur aðili hafa umsjón með því að úrræði og ráðleggingar frá öðrum stofnunum um þarfir nemanda væru innleiddar í skólanum, og foreldrar væru upplýstir um það fyrirkomulag, sem aftur vekur áhyggjur af afdrifum nemenda sem þurfa stuðning í skólakerfinu. Að lokum var sláandi, líkt og á öðrum skólastigum, að sjá hve fáir grunnskólar höfðu skráða verkferla sem allt starfsfólk þekkti um viðbrögð vegna geðheilbrigðisvanda, ofbeldis og vanrækslu eða fóru árlega yfir ábyrgð og skyldur starfsfólks varðandi tilkynningar til barnaverndar.

Í grunnskólum var staðan almennt góð hvað varðar samstarf við foreldra, en þó mættu fleiri grunnskólar, líkt og skólar á öðrum skólastigum, fá aðkomu foreldra að mótun stefnu og aðgerða á sviði hegðunar-, félags- og tilfinningafærni í skólanum og teygja sig eftir röddum foreldra nemenda sem búa við jafarsetta stöðu. Þetta hlutfall var lágt í grunnskólum eins og á öðrum skólastigum.

5.3 Framhaldsskólastig

Mynd 17 sýnir heildarstöðu á framhaldsskólastigi á áherslusviðum könnunarinnar en þessar niðurstöður endurspeglar svör frá öllum framhaldsskólum landsins að sérskólum undanskildum. Í tveimur flokkum af tíu var að minnsta kosti 70% atriða svarað játandi en í þremur flokkum var minna en helmingi atriða svarað játandi. Þessi staða var almennt lakari en á öðrum skólastigum.



Mynd 17: Hlutfall atriða sem svarað var játandi innan hvers flokks í framhaldsskólum

Líkt og á öðrum skólastigum var staðan best í framhaldsskólum þegar kom að tengslum og umhyggju en ólíkt öðrum skólastigum var staðan þar einnig mjög góð á sviði umhverfis og aðstæðna. Lökust var staðan í framhaldsskólum á sviði kennslu í félags- og tilfinningafærni.

Hlutfall skóla sem hafði mótað sér heildarsýn og stefnu um geðrækt, forvarnir og stuðning við nemendur var hæst í framhaldsskólum en líkt og raunin var á öðrum skólastigum var sjaldgæft að unnið væri eftir áætlun um innleiðingu, að innviðir væru til staðar til að styðja við farsæla framkvæmd og að fylgst væri með því hvort unnið væri í samræmi við þá starfshætti sem ákveðið hefði verið nota innan skólans til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni nemenda.

Í langflestum tilfellum mátu svarendur í framhaldsskólum það svo að starfsfólk hefði næga þekkingu og færni til að styðja við jákvæða hegðun, líðan og samskipti nemenda og var staðan þar almennt betri en á öðrum skólastigum. Á hinn bóginn var hlutfallið einnig lægst í framhaldsskólum þegar kom að reglulegri fræðslu til starfsfólks og sjaldnast var lögð áhersla á það í starfsþróunaráætlunum, samanborið við önnur skólastig, að efla þekkingu og færni starfsfólks á sviði hegðunar, líðanar og samskipta ungmenna. Þá var lang sjaldgæfast að starfsfólk í framhaldsskólum fengi reglulega þjálfun í að nýta gagnreyndar aðferðir á sviði hegðunar og bekkjastjórnunar.

Í framhaldsskólum var staðan þó best samanborið við önnur skólastig hvað varðar nemendalýðræði og aðgengi fatlaðra og í nánast öllum framhaldsskólum töldu svarendur að tekið væri tillit til einstaklingsbundinna þarfa nemenda í skólastarfinu. Aftur á móti var hlutfall skóla lægst á framhaldsskólastigi þar sem allir nemendur fengu jafnréttiskennslu og fjölbreytileiki nemendahópsins væri talinn sýnilegur í þátttöku og viðfangsefnum á viðburðum á vegum skólans.

Eins og fram hefur komið var staðan í framhaldsskólum almennt góð þegar kemur að umhyggju og tengslum við nemendur en þó var sjaldnast lögð áhersla á það í framhaldsskólum, samanborið

við önnur skólastig, að sérhver nemandi myndaði persónuleg tengsl við að minnsta kosti einn starfsmann. Í leik- og grunnskólum var þetta hlutfall 80-85% en 67% í framhaldsskólum. Þetta er mikilvægt atriði þegar kemur að skólatengslum og því vert að skoða nánar. Sömuleiðis reyndist sjaldnast unnið á markvissan hátt að því að efla félagstengsl og vinna gegn einsemd meðal nemenda í framhaldsskólum. Þetta er gert í tæpum 80% leikskóla og rúmum 60% grunnskóla en minna en helmingi framhaldsskóla.

Eins og áður segir var markviss kennsla í félags- og tilfinningafærni áberandi minnst í framhaldsskólum, en hverju atriði sem spurt var um í þessum flokki svaraði minna en þriðjungur skólanna játandi, að undanskildu því að þjálfarar nemendur í að koma fram og tjá skoðanir sínar. Staðan í framhaldsskólum var þó víða sambærileg við önnur skólastig þegar kom að því að styðja við jákvæða hegðun, til dæmis sögðust flestir vera með fáar og skýrar reglur, veita jákvæðri hegðun markvissa athygli og nýta uppbyggilega og lausnamiðaða nálgun að hegðun nemenda í skólanum. Í framhaldsskólum var jafnframt hæst hlutfall skóla þar sem skammir og refsingar voru ekki nýttar til að hafa áhrif á hegðun nemenda. Aftur á móti voru hrós og hvatning heldur vannýtt á framhaldsskólastigi en svarendur í aðeins rúmum helmingi framhaldsskóla sögðu hrós og hvatningu nýtta með kerfisbundnum hætti í starfi skólans. Þá voru samræmd vinnubrögð starfsfólks í tengslum við hegðun nemenda ekki til staðar nema í helmingi framhaldsskóla, svipað og raunin var á öðrum skólastigum.

Framhaldsskólar stóðu bæði leik- og grunnskólum að baki þegar kom að gagnasöfnun um líðan og hagi nemenda, en 70% framhaldsskóla leggja fyrir árlegar nemendakannanir til að meta líðan og skólabrag á móti yfir 90% grunnskóla. Eins leggur aðeins um fjórðungur framhaldsskóla árlegar kannanir fyrir foreldra nemenda undir 18 ára aldri á móti tæpum 70% grunnskóla. Tengslakannanir virðast jafnframt vannýttar í framhaldsskólum en rétt um einn af hverjum tíu framkvæmir slíkar kannanir og bregst við með stuðningi ef merki eru um félagslega einangrun eða útilokun meðal nemenda. Í ljósi þess að margir framhaldsskólar eru með fjölbrautarkerfi þar sem nemendur eru með ólíkum hópum í hverju fagi og auðvelt er að „týnast“ í fjölmönnum skólum væri eflaust gagnlegt að finna leiðir til að nýta tengslakannanir betur í framhaldsskólum og fá yfirsýn yfir þann hluta nemenda sem hefur veik tengsl við samnemendur og/eða starfsfólk í skólanum. Þetta gæti nýst við áætlanagerð til að auka velfarnað nemenda og hindra brotthvarf á framhaldsskólastigi.

Í flestum framhaldsskólum töldu svarendur snemmtæk og sívirk úrræði vera til staðar til að mæta þörfum nemenda en þó var mjög sjaldgæft, að þeirra mati, að allir nemendur sem á þyrftu að halda fengju einstaklingsmiða stuðningsáætlun í skólanum. Þessu var aðeins svarað játandi í þriðjungi framhaldsskóla sem er mun lægra hlutfall en á öðrum skólastigum. Í helmingi skólanna reyndust stuðningsáætlanir unnar í samvinnu við nemendur, og foreldra eftir því sem við átti, og endurskoðaðar reglulega til að meta framfarir. Í tveimur af hverjum þremur framhaldsskólum höfðu sérmenntaðir aðilar yfirumsjón með framkvæmd og endurmati stuðningsáætlana en aðeins í helmingi skóla veittu slíkir aðilar öðru starfsfólki, sem kom að málum viðkomandi nemenda, handleiðslu.

Líkt og raunin var á öðrum skólastigum var mikill misbrestur á því að verkferlar væru til staðar sem allt starfsfólk þekkti varðandi viðbrögð við geðheilbrigðisvanda, ofbeldi og vanrækslu meðal nemenda. Minna en fjórðungur framhaldsskóla reyndist hafa slíka verkferla skráða og enn færri fóru árlega yfir ábyrgð og skyldur starfsfólks í tengslum við tilkynningar til barnaverndar vegna nemenda yngri en 18 ára. Aðeins 17% skóla reyndust viðhafa slíka árlega yfirferð sem er mun lægra hlutfall en á öðrum skólastigum þó hlutfallið hafi alls staðar verið lágt.

Hlutfall skóla sem áttu í virku samstarfi við heilbrigðis-, félags- og skólaþjónustu um velferð nemenda var lægst í framhaldsskólum samanborið við önnur skólastig en þó reyndist það til

staðar í þremur af hverjum fjórum skólum að mati svarenda. Í aðeins rúmum helmingi framhaldsskóla hafði tilgreindur aðili þó umsjón með því að ráðleggingar og úrræði frá öðrum stofnunum um þarfir nemanda væru innleidd í skólanum. Þá töldu svarendur í aðeins 40-60% framhaldsskóla að starfsfólk fengi stuðning í samræmi við þörf til að takast á við hegðun, líðan, félagslega erfiðleika, áföll, einelti og ofbeldi meðal nemenda. Ljóst er því að mikil þörf er á því að auka stuðning við starfsfólk og nemendur í framhaldsskólum.

Að lokum sýndu niðurstöður að framhaldsskólar standa leik- og grunnskólum talsvert að baki þegar kemur að samstarfi við foreldra. Í rétt um helmingi framhaldsskóla voru foreldrar upplýstir um verklag í tengslum við innleiðingu úrræða og ráðlegginga frá öðrum stofnunum varðandi þarfir nemanda í skólanum og í minna en þriðjungi skólanna voru foreldrar upplýstir um niðurstöður kannana á líðan og skólabrag. Í leik- og grunnskólum var þetta hlutfall um og yfir 70%. Þá vekur áhyggjur að aðeins í tveimur af hverjum þremur framhaldsskólum var lögð áhersla á að hafa strax samband við foreldra ef áhyggjur vakna af velferð nemenda undir 18 ára aldri en þetta hlutfall var nánast 100% á fyrri skólastigum. Á framhaldsskólastigi, samanborið við önnur skólastig, var einnig sjaldgæfast að skólar byðu upp á árleg foreldrasamtöl, að foreldrar tækju þátt í mótun stefnu og aðgerða skólans á sviði félags- og tilfinningafærni eða að skólarnir leggðu sig fram um að ná til foreldra ungmenna sem búa við jaðarsetta stöðu. Þá var stuðningur frá yfirmönnum og samstarfsfólki varðandi samstarf við foreldra langminnstur á framhaldsskólastigi. Því er ljóst að töluverð sóknarfæri liggja innan framhaldsskólans þegar kemur að foreldrasamstarfi.

6. Lokaorð

Sú landskönnun sem hér hefur verið lýst er umfangsmesta yfirferð sem farið hefur fram hér á landi hvað snertir geðrækt, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í skólastarfi. Allir framhaldsskólar landsins og um 70% allra leik- og grunnskóla tóku þátt í könnuninni og því ættu niðurstöður að gefa nokkuð góða yfirsýn, þó ekki fullkomna heildarmynd, af því hvernig unnið er að því að efla geðheilsu og vellíðan barna og ungmenna í íslensku skólakerfi. Eðli málsins samkvæmt var ekki unnt að spyrja náið um hvert atriði í könnuninni, enda mikilvægt að stilla lengd hennar í hóf til að fá sem besta svörun. Á móti kemur að könnunin nær yfir breitt svið stefnu og starfshátta skóla á ólíkum skólastigum, umhverfis og aðstæðna, uppbyggingu þekkingar og færni meðal starfsfólks, skólatengsla, jafnréttis og þátttöku í skólastarfi, kennslu í félags- og tilfinningafærni, eflingar jákvæðrar hegðunar, mats og stuðnings í skólastarfi og samstarfs við foreldra og stofnanir um velfarnað barna og ungmenna.

Niðurstöður könnunarinnar undirstrika mikilvægi þess að styrkja umgjörð, skipulag og innviði skólakerfisins til að sinna geðrækt, forvörum og stuðningi við nemendur með farsælum hætti. Nýta þarf gögn og árangursmælingar með markvissari hætti en nú er gert til að efla geðræktarstarf og skólabrag og koma á fót árangursríkri kennslu í félags- og tilfinningafærni á öllum skólastigum.

Í niðurstöðum mátti sjá mikilvæg sóknarfæri þegar kemur að stuðningi við jákvæða hegðun barna og ungmenna sem nýta má til uppbyggingar á markvissari vinnu með þennan þátt í skólakerfinu. Eins er mikilvægt að ráðist verði í umbætur á náms- og starfsumhverfi í leik- og grunnskólum en áberandi brotalamir komu fram á því sviði í svörum starfsfólks. Í framhaldsskólum er aftur á móti mikilvægt að taka tengsl nemenda við skóla og samstarf við foreldra fastari tókum.

Að lokum þarf að tryggja mun betur en gert er í dag að nemendur á öllum skólastigum fái þann stuðning sem þeir þurfa vegna erfiðleika á sviði hegðunar, líðanar og félagsfærni, og að starfsfólk í skólum fái þann stuðning sem þarf til að sinna hegðun, líðan og samskiptum barna og ungmenna með farsælum hætti. Ákvæði í lögum og reglugerðum virðast ekki nægja til að tryggja að framkvæmd verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir heldur er nauðsynlegt að heildarskipulag, aðföng, þjálfun og handleiðsla starfsfólks, eftirlit, samstarf stofnana og vel skilgreind hlutverk aðila skólasamfélagsins styðji við framkvæmdina.

7. Heimildaskrá

Center on the Social and Emotional Foundations for Early Learning (2010). *Inventory of Practices for Promoting Children's Social Emotional Competence*. Sótt 2. ágúst 2019 af: <http://csefel.vanderbilt.edu/modules/module1/handout4.pdf>

Education Scotland (2013). Better Relationships, Better Learning, Better Behaviour. Sótt 2. ágúst 2019 af: <https://education.gov.scot/parentzone/Documents/BetterRelationships.pdf>

Embætti landlæknis (2013). *Heilsueflandi grunnskóli: Geðrækt*. Reykjavík: Embætti landlæknis.

Redding, S. og Walberg, H.J. (2015). Indicators of Effective SEL Practice. Í J.A. Durlak, C.E. Domitrovich, R.P. Weissberg og T.P. Gullotta (ritstj.), *Handbook of Social and Emotional Learning: Research and Practice* (bls. 377-392). New York: Guildford Press.

School Mental Health Assist (2016). *Planning for Sustainable Practices in School Mental Health and Well-Being*. Ontario: School Mental Health Assist. Sótt 2. ágúst 2019 af: <https://drive.google.com/file/d/0B1dbQR3hKeHGckZnWXkyMDRtNnM/view>

School Mental Health Assist (2015). *Leading Mentally Healthy Schools*. Ontario: School Mental Health Assist. Sótt 2. ágúst 2019 af: <https://smh-assist.ca/wp-content/uploads/LeadingMentallyHealthSchools.pdf>

Wisconsin Department of Public Instruction. *Wisconsin's Framework for Equitable Multi-Level Systems of Supports*. Sótt 2. ágúst 2019 af: <https://dpi.wi.gov/sites/default/files/imce/rti/pdf/rti-emlss-framework.pdf>

8. Viðaukar

Viðauki A: Starfshópur um geðrækt í skólum og samráðshópar ólíkra skólastiga

Starfshópur um geðrækt í skólum

Sigrún Daníelsdóttir, fulltrúi Embætti landlæknis
Ragnheiður Bóasdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis
Erla Ósk Guðjónsdóttir, fulltrúi Menntamálastofnunar
Ragnar Þór Pétursson, fulltrúi Kennarasambands Íslands
Hildur Halldórsdóttir, fulltrúi Heimilis og skóla
Svandís Ingimundardóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
Ingibjörg Sveinsdóttir, fulltrúi heilbrigðisráðuneytis
Erna Kristín Blöndal, fulltrúi félagsmálaráðuneytis

Samráðshópur leikskóla

Sigrún Hulda Jónsdóttir leikskólastjóri
Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri
Jenný Ingudóttir verkefnastjóri heilsueflandi leikskóla
Hulda Jóhannsdóttir leikskólastjóri
Anna-Lind Pétursdóttir prófessor á menntavísindasviði Háskóla Íslands
Guðrún Harðardóttir leikskólastjóri
Guðrún Jóna Thorarensen leikskólastjóri
Kristín Dýrfjörð dósent í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri

Samráðshópur grunnskóla

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir skólastjóri
Guðrún Björg Ragnarsdóttir kennsluráðgjafi
Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir náms- og starfsráðgjafi
Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir grunnskólakennari
Sigríður Nanna Heimisdóttir grunnskólakennari
Bergljót Gyða Guðmundsdóttir skólasálfræðingur
Ingibjörg Kaldalóns lektor á menntavísindasviði Háskóla Íslands
Ingibjörg Guðmundsdóttir verkefnastjóri heilsueflandi grunnskóla

Hildur Lilja Guðmundsdóttir grunnskólakennari

María Helen Eiðsdóttir grunnskólakennari

Samráðshópur framhaldsskóla

Elva Björk Ágústsdóttir framhaldsskólakennari og náms- og starfsráðgjafi

Valgerður Ólafsdóttir sálfræðingur og framhaldsskólakennari

Lilja Ósk Úlfarsdóttir sálfræðingur og framhaldsskólakennari

Borghildur Sverrisdóttir skólasálfræðingur

Bryndís Jóna Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi og lektor við HÍ

Bóas Valdórsson skólasálfræðingur

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir verkefnastjóri heilsueflandi framhaldsskóla

Viðauki B: Bréf til skólastjórnenda

Ágæti skólastjóri!

Á næstu dögum mun skólanum berast ósk um að svara könnun um geðrækt í skólastarfi sem send verður til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla á Íslandi. Þessi könnun er liður í aðgerð B.2 úr geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til ársins 2020 um geðrækt í skólum. Markmið hennar er að afla mikilvægra upplýsinga um geðræktarstarf í íslenskum skólum og með hvaða hætti starfshættir, kennsla og umhverfi skólanna stuðla að góðri geðheilsu og vellíðan barna og ungmenna.

Með þessum tölvupósti er óskað eftir því að þú, sem stjórnandi skólans, útnefnir lítinn hóp starfsfólks sem hefur góða yfirsýn yfir starf skólans til að svara könnuninni í sameiningu fyrir skólann. Í hópnum ættu að sitja 2-3 kennarar og 2-3 úr hópi stoðþjónustu innan skólans (t.d. sérkennari, námsráðgjafi, stuðningsfulltrúi, þroskajálfi, sálfræðingur o.s.frv.).

Einn úr hópnum þarf að gegna hlutverki tengiliðar sem fær hlekk á könnunina senda til sín og óskum við eftir því að nafn og netfang tengiliðar verði sent til Sigrúnar Daníelsdóttur, verkefnastjóra geðræktar hjá Embætti landlæknis, fyrir miðvikudaginn 30. janúar á netfangið sigrun@landlaeknir.is.

Þær upplýsingar sem fást með þessari könnun gegna afar mikilvægu hlutverki við að upplýsa og ráðleggja stjórnvöldum um aðgerðir til að styðja betur við þennan þátt í skólastarfi, sem varðar heill þjóðarinnar allrar. Eðli málsins samkvæmt er könnunin því viðamikil og má gera ráð fyrir að það geti tekið um 2-3 klst. að svara henni í heild sinni. Mikilvægt er að þeir sem svara könnuninni fái til þess tíma og svigrúm. Vinsamlegast athugið að ekki er gert ráð fyrir að stjórnendur komi að svörum.

Markmiðið er að fá sem besta heildarmynd af stöðu geðræktar í skólum á Íslandi til þess að ríki og sveitarfélög geti sem best stutt skóla landsins við að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Mikilvægt er að allir skólar taki þátt til þess að niðurstöðurnar endurspegli raunverulega stöðu hér á landi. Ekki verður unnt að greina svör niður á skóla enda er markmiðið ekki að gera úttekt á starfi einstakra skóla.

Ef spurningar vakna er velkomið að hafa samband við Sigrúnu Daníelsdóttur, verkefnastjóra geðræktar hjá Embætti landlæknis í netfangið sigrun@landlaeknir.is.